



# SEÐLABANKI ÍSLANDS



ÁRSSKÝRSLA 1974  
REYKJAVÍK 1975



ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

## EFNISYFIRLIT

<b>Skýrsla bankastjórnar . . . . .</b>	<b>5</b>
Yfirlit yfir þróun efnahagsmála . . . . .	5
Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur . . . . .	10
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál . . . . .	15
Þróun ríkisfjármála . . . . .	24
Þróun peningamála . . . . .	28
Starfsemi fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða . . . . .	35
Yfirlit yfir lánamarkaðinn . . . . .	39
Gengismál . . . . .	43
Erlend mál og samningar . . . . .	47
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð . . . . .	50
Rekstur bankans og ýmis starfsemi . . . . .	55
Stjórn bankans og starfslið . . . . .	59
<b>Reikningar 1974 . . . . .</b>	<b>63</b>
<b>Töflur . . . . .</b>	<b>71</b>



## SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

### YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

#### Ytri aðstæður þjóðarbúsins

Mjög brá til hins verra í þjóðarbúskap Íslendinga á árinu 1974 og telja má, að síðla á árinu hafi lokið löngu vaxtarskeiði, sem hófst árið 1969. Verulega dró úr vexti þjóðarframleiðslu, sem jókst á árinu um 3,2%, en þjóðartekjur stóðu því sem næst í stað, og rauntekjur á mann minnkuðu um 1–2%. Mikill halli varð á viðskiptajöfnuði, og nam hann tæpum 12% af vergri þjóðarframleiðslu. Er það mun hærra hlutfall en á erfiðleikaárunum 1967–68, en þá var það um 9% að meðaltali bæði árin. Greiðslujöfnuðurinn við útlönd var einnig mjög óhagstæður í fyrsta sinn frá árinu 1968, þrátt fyrir mikinn fjármagnsinnflutning. Rýrnaði gjaldeyrisforðinn um röskan helming og jafngilti í lok ársins ekki meiru en svarar til 1½ mánaðar meðalinnflutnings. Loks er þess að geta, að á árinu 1974 var verðbólga mun meiri en á nokkru ári frá því um lok fyrri heimsstyrjaldarinnar, en neytluvöruverðlag hækkaði um 42% að meðaltali frá 1973 til 1974 og um 55% frá byrjun til loka ársins. Efnahagsvandinn á árinu var öðru fremur afleiðing stórlegrar rýrnunar viðskiptakjara og erfiðleika í utanríkisverzlun. Kjarasamningar snemma á árinu, hallarekstur hjá rikissjóði og öðrum opinberum aðilum og gífurleg aukning útlána bankakerfisins höfðu einnig afdrifarík áhrif á þjóðarbúskapinn.

#### Þróunin erlendis

Við mikla erfiðleika í efnahagsmálum hefur verið að etja á Vesturlöndum undanfarin ár, og hefur áhrifa þeirra gætt í íslenzku efnahagslífi. Við upphaf áratugarins færðist verðbólga mjög í vöxt í nálægum löndum og varð meiri en þekkt hafði frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Ekki hafa þær efnahagsaðgerðir, sem beitt hefur verið, dugað til að draga úr verðhækkunum. Náðu þær hámarki á árinu 1974, en þá hækkaði neytluvöruverðlag í OECD-löndum að meðaltali um 14–15%. Aðgerðirnar leiddu hins vegar til samdráttar framleiðslu og atvinnu, og er þessi

## Óhagstæð viðskiptakjör

samdráttur meiri en á nokkru öðru tímabili, frá því að heims-  
kreppunni lauk. Segja má, að framleiðsla í löndum OECD hafi  
staðið í stað frá miðju ári 1973 til ársloka 1974. Erfiðleikar í  
alþjóðagjaldeyrismálum og stórkostlegar hækkanir á olíuverði  
juku enn á vandann.

Áhrif þessara sviptinga í efnahagsmálum viðskiptaþjóðanna  
komu meðal annars fram í mikilli hækkun innflutningsverð-  
lags, en verðlag í erlendri mynt á innfluttri vöru til Íslands  
hækkaði um 34% á árinu, og munaði mest um verðhækkun olíu,  
en aðrar vörur hækkuðu einnig mjög í verði. Hin alþjóðlega  
efnahagskreppa hefur dregið úr eftirspurn eftir útflutningsvöru,  
en í sjávarútvegsgreinum hefur stóraukið framboð erlendis, svo  
sem aukin sala Japana á Alaska-ufsa á Bandaríkjamarkaði, einn-  
ig skipt miklu máli. Verðlag útfluttrar vöru í erlendri mynt  
jókst um rúmlega 20% miðað við ársmeðaltöl, en sé útflutn-  
ingsverðlag í erlendri mynt á síðasta ársfjórðungi 1973 og á  
sama tímabili 1974 borið saman, er aðeins um rúmlega 1%  
hækkun að ræða. Þegar á fyrsta ársfjórðungi fór verð ýmissa  
mikilvægra útflutningsafurða lækkandi, og lækkaði útflutnings-  
verð að meðaltali um 8% frá fyrsta ársfjórðungi til hins síð-  
asta. Viðskiptakjörin breyttust því þjóðarþúinu mjög í óhag eða  
um 10–11% að meðaltali miðað við fyrra ár. Hins vegar var  
rýrnunin miklu meiri eða 19%, ef borin eru saman viðskipta-  
kjör í upphafi árs og árslok. Varð þessi þróun viðskiptakjara til  
þess, að þjóðartekjur stóðu því sem næst í stað á árinu, enda  
þótt þjóðarframleiðsla ykist um 3,2%, sem fyrr greinir.  
Þessi mikla rýrnun viðskiptakjara var meginorsök óhagstæðrar  
þróunar greiðslujafnaðar á árinu, en einnig gekk illa að selja  
ýmsar helztu útflutningsafurðir landsmanna, og gætti vaxandi  
sölutregðu, er á árið leið. Leiddi þetta af sér aukna birgðasófnun,  
og dróst útflutningur saman að magni um 5–6% frá árinu 1973,  
enda þótt útflutningsframleiðsla ykist um 2–3%. Í þriðja lagi  
jókst almennur innflutningur um 14% að magni þrátt fyrir  
miklar verðhækkanir, en það var bein afleiðing ríkjandi eftir-  
spurnarástands.

## Eftirspurn

Þjóðarþúskapurinn á árinu einkenndist af mjög mikilli aukn-  
ingu eftirspurnar miðað við framleiðsluaukningu. Innlend verð-  
mætaráðstöfun er talin hafa aukizt um 56% mælt á verðlagi  
ársins, en 10% að raunvirði. Einkaneyzla jókst heldur meira  
að magni en áður þrátt fyrir gífurlegar verðhækkanir, enda  
dró úr sparnaði, sérstaklega á fyrri hluta ársins. Samneyzla  
jókst álíka mikið og árið 1973, en aukning fjármunamyndunar  
var um þriðjungur þess, sem varð árið 1973.

Eftirspurnarþenslan og verðbólgan, sem af henni leiddi, eiga

## Verðþróun

sér víða rætur. Verðlag innfluttrar vöru í krónum hækkaði um nær 75% á milli síðasta ársfjórðungs 1973 og 1974. Víxlverkana verðlags og kaupgjalds gætti þó minna á árinu 1974 en oft áður, þar sem samband launa og kaupgreiðsluvísitölu var rofið með lögum eftir 6,18% hækkun vísitölunnar 1. marz. Geta má þess, að innfluttar vörur veга einn þriðja hluta í grunni neytluvöruvísitölu, og er því áætlað, að rekja megi nær helming verðhækkana á árinu beint til verðhækkana á innfluttri vöru, en frá ársbyrjun til ársloka hækkaði neytluvöruverðlag um 55% borið saman við 35% og 15% hækkun árin 1973 og 1972.

## Launasamningar

Almennir launasamningar á fyrsta fjórðungi ársins leiddu af sér 20–25% kauphækkun (auk 6% vísitöluhækkunar), og voru þessir samningar olía á verðbólgueldinn, þar eð laun hækkudu langt umfram getu atvinnuveganna að óbreyttu verðlagi. Áætlað er, að ráðstöfunartekjur heimilanna hafi aukizt alls um 52% að meðaltali frá 1973 til 1974, en rauntekjur á mann um 7%.

## Útlán

Útlán bankakerfisins jukust alls um 62% á árinu, en hlutur þess í verðbólgunni var tvíþættur. Annars vegar fjármögnuðu útlánin verð- og kaupgjaldshækkanir, t. d. þær, sem leiddi af samspili innflutningsverðlags og kaupgreiðsluvísitölu, og tryggðu þannig, að framleiðsla og atvinna drægjust ekki saman. Hins vegar hefur óvenjumikil útlánaaukning innlánsstofnana og mikill greiðsluhalli opinberra aðila orðið til þess að magna eftirspurnarþensluna, knýja fram verð- og kaupgjaldshækkanir og fjármagna innflutning umfram útflutning.

## Aðgerðir í maí

Stjórnvöld beittu sér fyrir ýmsum aðgerðum á árinu til að stemma stigu við óheillavænlegri þróun efnahagsmála. Í byrjun árs var við tvö vandamál að glíma; annars vegar vaxandi verðbólgu, en hins vegar versnandi viðskiptastöðu gagnvart útlöndum. Kjarasamningarnir á fyrsta ársfjórðungi mögnuðu þann vanda. Ljóst var, að verðlags- og kaupgjaldshækkanir höfðu rýrt mjög afkomu ýmissa greina sjávarútvegs og útflutningsiðnaðar og með samverkan mikillar útlánaaukningar stuðlað að spákaupmennsku og veikt greiðslujöfnuðinn við útlönd.

Í maí gripu stjórnvöld til ýmissa aðgerða í efnahagsmálum. Var gengi krónunnar gagnvart dollar lækkað um 4%, annars vegar til að bæta afkomu útflutningsgreina, en hins vegar til að draga úr innflutningi. Alls hafði þá gengi krónunnar gagnvart helztu viðskiptagjaldmiðlum lækkað um 14% frá áramótum. Laun voru jafnframt tekin úr sambandi við kaupgreiðsluvísitölu, eins og áður greinir, og verðlagseftirlit hert. Komið var á 25% innborgun við gjaldeyrisafgreiðslu vegna ákveðinna flokka inn-

### Efnahagsaðgerðir í september

fluttrar vöru, og átti það að draga úr innflutningi. Til að draga úr peningaþenslu gerði Seðlabankinn samkomulag við viðskiptabankana í byrjun maí um takmörkun útlána, sem gilda átti fyrir árið 1974. Sömuleiðis var ákveðið að lækka lán Framkvæmdasjóðs til annarra sjóða um fjórðung. Loks voru niðurgreiðslur auknar stórlega, og kostaði sú aukning ríkissjóð 180 m. kr. á mánuði, en þá var þegar ljóst, að greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu yrði mjög mikill. Til mótvægis voru nokkrir óbeinir skattar hækkaðir, en tekjur þar af hrukku skammt til að mæta fjárförf ríkissjóðs. Um miðjan júlí voru inn- og útlánsvextir hækkaðir almennt um 4 prósentustig til að hamla gegn útlánaþenslunni og til að efla sparnað, en í ágúst voru yfirdráttarvextir Seðlabankans hækkaðir úr 18% í 24%.

Eftir stjórnarskipti í lok ágúst gripu stjórnvöld til enn víðtækari efnahagsaðgerða. Um mánaðamótin ágúst/september var gengi krónunnar lækkað um 17%. Helt gengið nær óbreytt út árið og hafði lækkað gagnvart helztu viðskiptagjaldmiðlum frá ársbyrjun til ársloka 1974 að meðaltali um rösk 33%, en það svarar til nær 50% hækkunar á meðalverði erlends gjaldmiðils. Breyting gengisins var misjöfn innan ársins. Annars vegar átti sér stað gengisskrið, einkum framan af árinu, og hins vegar voru tvær stærri breytingar, sem þegar er getið og samræmdar voru öðrum efnahagsaðgerðum. Í september var ákveðið, að samband launa og kaupgreiðsluvísitölu, sem hafði verið rofið með lögum í maí fram til 31. ágúst, skyldi vera rofið áfram fram til 31. maí 1975. Hins vegar skyldu greiddar verðlagsbætur á lág laun, jafnframt því sem bætur almannatrygginga voru hækkaðar, en þær höfðu áður hækkað 1. júní. Verðlagsákvæði voru einnig framlengd, og gripið var til ýmissa ráðstafana til að bæta afkomu sjávarútvegsins. Ýmsir skattar ríkisins voru hækkaðir sem svarar 2.800 m. kr. á ársgrunni og niðurgreiðslur lækkaðar, en það nægði þó hvergi til að jafna stöðu ríkissjóðs á árinu.

Í næstu köflum þessarar skýrslu verður þróun efnahagsmála rakin nánar. Af því, sem að framan greinir, má þó álykta, að mjög hafi skort nægjanlegt aðhald í stjórn efnahagsmála, einkum framan af árinu, enda var mikil óvissa í stjórnámálum fram undir lok ágústmánaðar. Ýmis merki sáust þó síðari hluta árs, að áhrifa efnahagsaðgerðanna væri farið að gæta, og má einkum nefna, að mjög dró úr aukningu innflutnings á síðari hluta ársins í kjölfar aðgerðanna. Öðru máli gegnir um greiðsluhalla ríkissjóðs, sem var mikill á fyrri helmingi ársins, en hann jókst, gagnstætt vonum, enn meira, er leið að áramótum.

Nú er ljóst, að forsendur efnahagsaðgerðanna í september voru



of bjartsýnar, vegna þess að ytri aðstæður þjóðarbúsins snöggversnuðu síðustu mánuði ársins. Reyndust þær aðgerðir því ónógar. Áætlað er, að viðskiptakjörin við útlönd muni enn versna mikið á árinu 1975. Reiknað er með, að meðalverð útflutnings í erlendri mynt muni falla um 7% frá meðalverði ársins 1974, en að draga muni úr verðhækkun á innflutningi. Þau tvö vandamál, sem við var að glíma í ársbyrjun 1974, þ. e. ör verðbólga og slæm greiðslujafnaðarstaða við útlönd, voru því að miklu leyti óleyst í lok ársins, og hlutu þau því enn að verða meginverkefni í stjórn efnahagsmála á árinu 1975.

## ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA OG ÞJÓÐARTEKJUR

### Þjóðarframleiðsla

Eins og skýrt var frá í kaflanum hér að framan brá mjög til hins verra í þjóðarbúskapnum á árinu 1974. Jókst verg þjóðarframleiðsla um 3,2% að raunvirði,<sup>1)</sup> sem er allt að helmingi minni aukning en árið áður. Hins vegar þurrkaði rýrnun viðskiptakjara þessa aukningu að mestu út og áætlað er, að þjóðartekjur á mann hafi minnkað um 1–2% borið saman við 8–9% aukningu árið 1973.

### Útflutningsframleiðsla


Útflutningsframleiðsla í heild jókst um 2,5–3%, en þar hafði lítil aukning í framleiðslu sjávarafurða mesta þýðingu; jókst hún ekki nema um 2,5% borið saman við 8,5% árið áður. Verðlag útflutningsafurða, einkum loðnuafurða, lækkaði stöðugt allt árið 1974 frá hinu háa verði, er ríkti í árslok 1973. Einnig varð mikil verðlækkun á frystum fiskblökkum, er leið á árið.

### Sjávarútvegur

Í heild hallaði mjög undan fæti hjá sjávarútveginum á árinu. Heildarafli jókst nokkuð og varð 936 þús. tonn borið saman við 901 þús. tonn 1973. Var aukningin aðallega í loðnuafli, en þorskafla jókst svo til ekkert þrátt fyrir stórauðna togarasókn. Útflutningsverðlag hækkaði að meðaltali frá 1973 til 1974 um 20,5% reiknað í erlendri mynt, en frá fyrsta til fjórða ársfjórðungs 1974 lækkaði það um 8%. Samfara þessari þróun útflutningsverðlags áttu sér stað miklar innlendar kaup- og kostnaðarhækkningar, sem urðu til þess, að afkoma sjávarútvegsins, bæði veiða og vinnslu, versnaði mjög á árinu, einkum á síðari hluta þess. Vaxandi sölutregðu fór einnig að gæta, er á árið leið, sem kom fram í aukinni birgðasöfnun.

Landbúnaðarframleiðslan jókst um 3–3,5% árið 1974 eða svipað og árið á undan. Iðnaðarframleiðsla jókst um 4% árið 1974 borið saman við 8% aukningu árið áður. Iðnaðarframleiðsla fyrir innlendan markað, sem hafði vaxið nokkuð ört sl. 2–3 ár, óx mun hægar 1974. Afkoma útflutningsiðnaðar batnaði nokk-

1) Allar hundraðshlutatölur um breytingar þjóðhagsstærða í þessum kafla eiga við fast verð milli ára, nema annað sé tekið fram.



**Landbúnaður og  
iðnaður**

uð, bæði vegna hærra verðlags erlendis og gengisbreytinga. Markaður fyrir ál hélzt mjög góður framan af ári. Hækkaði heimsmarkaðsverð mikið, en við lok ársins fór að bera á sölu-tregðu og verðlækkunum. Fyrir árið í heild nam álframleiðslan 68,4 þús. tonnnum borið saman við 71,3 þús. tonn 1973. Var það um 4,1% minnkun. Útflutningur áls minnkaði hins vegar um 21% að magni. Þá varð og nokkur aukning í framleiðslu og útflutningi kísilgúrs. Framleiðsla jókst úr 22,0 þús. tonnnum 1973 í 24,7 þús. tonn 1974, en útflutningur úr 22,3 þús. tonn-um í 24,1 þús. tonn. Talið er, að framleiðsla í þjónustugreinum hafi vaxið nokkuð svipað 1974 og árið áður.

**Verðmætaráðstöfun  
innanlands**

Innlend verðmætaráðstöfun jókst um 10,2% árið 1974. Var það heldur minni aukning en árið á undan, en samt svo langt umfram aukningu þjóðarframleiðslu, að mikill halli myndaðist á viðskiptum við útlönd, svo sem áður er getið. Sé svokallaðri sérstakri fjármunamyndun (Þjósárvirkjunum, álverinu, innfluttum skipum og flugvélum og Viðlagasjóðshúsum) haldið utan við ásamt breytingum á birgðum útflutningsvara og bústofns, jókst almenn innlend verðmætaráðstöfun um 7,9% eða nokkru meira en árið á undan, er hún jókst um 6,3%.

**Neyzla**

Aukning einkaneyzlu varð um 7,5% árið 1974, sem var heldur meiri aukning en á fyrra ári. Er ætlað, að neyzluaukningin hafi verið nokkru meiri en aukning ráðstöfunartekna heimilanna. Stafar þessi þróun af ótryggu ástandi í efnahags- og gengismálum, enda dró úr einkasparnaði á árinu. Samneyzla, þ. e. kaup ríkis og sveitarfélaga á vörum og þjónustu til annars en fjárfestingar, jókst um 6,0% eða nokkurn veginn jafnört og árið áður.

## Fjármunamyndun


Í heild jókst fjármunamyndun um 6,7% árið 1974, en það var mun minni aukning en 1973, er hún jókst um 20,1%. Sérstök fjármunamyndun minnkaði um 2,4% frá 1973, og stafaði það mest af því, að innflutningur Viðlagasjóðshúsa var óverulegur 1974. Hins vegar jókst mikið innflutningur skipa og flugvéla og fjárfestingarvara vegna virkjunarframkvæmda. Almenn fjármunamyndun jókst um 10% borið saman við 6% aukningu árið áður. Aukningin var fyrst og fremst fólgin í fjárfestingu í flutningatækjum, sem tvöfaldaðist frá árinu 1973, einkum vegna mikils innflutnings kaupskipa. Þá varð og markverð aukning (46%) í fjármunamyndun rafvirkjana og veitna, en þar munar mest um Sigölduvirkjun. Á öðrum sviðum var aukning fjármunamyndunar lítil.

Birgðir útflutningsvara og bústofns jukust um 2.350 m. kr. árið 1974 miðað við 1973-verðlag, en minnkuðu um 189 m. kr. árið 1973 á verðlagi þess árs. Sé hins vegar miðað við verðlag hvors árs um sig, er sveiflan mun meiri, þar eð árið 1973 varð mikil hækkun á verði útfluttra sjávarafurða, en árið 1974 varð verðlækkun.

Eftirspurn eftir vinnuafli var mikil allt árið 1974. Misvægið milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli fór minnkandi, eftir því sem leið á árið, sérstaklega í byggingargreinum. Kom þetta til af því, að byrjun framkvæmda við íbúðarhús minnkaði nokkuð frá árinu áður. Hins vegar bendir allt til, að orðið hafi nokkur atvinnujöfnun milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Þá bera tölur atvinnuleysisskráningar frá landsbyggðinni með sér, að árstíðasveiflur í atvinnu hafa minnkað frá fyrri árum. Í heild var atvinnuleysi hverfandi lítið á árinu eða um 0,4% af framboði vinnuafls, sem er álíka og 1973. Fjölgun fólks á atvinnualdri er áætluð hafa verið um 2% eða álíka og 1973.

Talið er, að kauptaxtar launþega hafi hækkað um 48% að meðaltali frá 1973 til 1974. Er þar annars vegar um að ræða 20–25% grunnkaupshækkunar, sem að mestu áttu sér stað í marz. Einnig varð rúmlega 6% hækkun vegna kaupgreiðsluvísitölu hinn 1. marz, en eftir það var ákveðið með lögum, að hækkun hennar skyldi ekki hafa áhrif á laun. Hins vegar voru ákveðnar sérstakar láglaunabætur 1. október 1974, sem námu jafngildi um 6–6,5% hækkunar að meðaltali á laun. Hinn 1. desember kom svo til framkvæmda 3% launahækkun samkvæmt samningum þeim, sem gerðir voru fyrr á árinu.

Heildaratvinnutekjur eru taldar hafa hækkað um 50% og kauptaxtar um 48% að meðaltali frá 1973 til 1974. Það er eftirtæktarvert, að munurinn á kauphækkunum og aukningu atvinnu-



### Tekjuþróun

tekna árið 1974 er mun minni en næsta ár á undan. Árið 1973 jukust tekjur heimilanna um 35%, en kauptaxtar hækkuðu þá um 23,5%. Mismunurinn þá stafaði af miklu launaskriði, er endurspeglaði umframeftirspurnina eftir vinnuafli. Minna bar á þessu 1974. Þótt kauphækkanir hafi verið stórum meiri 1974 en næstu tvö ár á undan, varð raunveruleg kjarabót hins vegar heldur minni árið 1974. Ráðstöfunartekjur heimilanna munu hafa aukizt um 52-53% á árinu 1974 eða nokkru meira en atvinnutekjur vegna breytinga á beinum sköttum og aukinna tryggingabóta. Gífurlegar verðhækkanir rýrðu hins vegar kaupmátt tekna á þann veg, að áætlað er, að raunvirði ráðstöfunartekna á mann hafi aukizt um rösk 7% borið saman við 8% aukningu 1973 og 10,5% aukningu 1972.

### Orsakir verðbólgu

Verðbólga varð meiri árið 1974 en nokkurt annað ár í marga áratugi. Hækkaði vísitala neyzluvöruverðs að meðaltali um 42% frá 1973, en frá ársbyrjun til ársloka 1974 varð hækkunin 55%. Samsvarandi tölur fyrir árið 1973 voru 25% meðaltalshækkun og 35% hækkun yfir árið í heild. Orsakir þessarar verðþróunar voru margþættar og bæði af innlendum og erlendum toga spunnar. Í fyrsta lagi stöfuðu þær af mikilli verðhækkun innfluttra vara, sem áætlað er að vegi einn þriðja í verðútreikningi vísitölu neyzluvöruverðs. Frá fjórða ársfjórðungi 1973 til sama tíma 1974 hækkaði verð innfluttra vara um 24% reiknað í erlendri mynt, en um 75% reiknað í krónum, þ. e. að meðtöldum áhrifum gengislækkunar krónunnar. Eins og áður greinir hækkaði neyzluvöruverðlag um 55% yfir árið 1974 í heild, þannig

að rekja má nær helming þeirrar hækkunar til beinna áhrifa verðhækkunar innfluttra vara. Röskan helming verður hins vegar að rekja til innlendra þátta og þá fyrst og fremst gífurlegra kauphækkana og mikillar peninga- og útlánaþenslu. Ráðstöfunartekjur heimilanna jukust um rösk 52%, aðallega vegna mikilla kauptaxtahækkana, en áhrifa víxlverkana verðlags og kaupgjalds gætti mun minna en oft áður, sem þegar er gerð grein fyrir. Útlán bankakerfisins jukust um 62%, sem rekja má aðallega til mikils greiðsluhalla hjá ríkissjóði, sveitarfélögum og ýmsum opinberum fyrirtækjum annars vegar og til gífurlegs eftirspurnarþrýstings fyrirtækja og einstaklinga hins vegar, sem nánar er gerð grein fyrir í kaflanum um „þróun peningamála“ síðar í þessari skýrslu. Hvort tveggja stuðlaði að umframeftirspurn eftir vörum, þjónustu og vinnuafli, sem hlaut óhjákvæmlega að leiða til verðhækkana.

## GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

### Óhagstæður heildargreiðslujöfnuður

Bráðabirgðatölur þær, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðarbúsins út á við á árinu 1974, sýna, að greiðslujöfnuður við útlönd varð í heild óhagstæður um 5.600 m. kr. þrátt fyrir óvenju mikinn fjármagnsinnflutning, en áætlað er, að fjármagnsjöfnuður hafi orðið hagstæður um 9.870 m. kr. á árinu. Er þetta í fyrsta sinn síðan 1968, sem heildargreiðslujöfnuður er óhagstæður, og nam rýrnun á gjaldeyrisforða Seðlabankans 4.930 m. kr., og rýrnun á öðrum gjaldeyristengdum liðum á reikningum bankanna nam 670 m. kr. nettó. Eru þessar tölur miðaðar við meðalviðskiptagengi á árinu 1974.

### Aukinn viðskiptahalli

Samkvæmt framangreindu hefur viðskiptajöfnuður orðið óhagstæður um 15.530 m. kr. á árinu 1974, en árið áður varð viðskiptajöfnuður óhagstæður um 2.935 m. kr. umreiknað á meðalviðskiptagengi ársins 1974, og er þá viðskiptajöfnuður ársins 1974 tæplega 12.600 m. kr. óhagstæðari en 1973. Við samanburð á viðskiptajöfnuði milli einstakra ára þarf að hafa í huga, að oft er mikill munur frá einu ári til annars, bæði að því er snertir breytingar á birgðum útflutningsvara og eins eru oft miklar sveiflur á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara. Á árinu 1974 jókst verðmæti útflutningsvörubirgða um 2.315 m. kr., en lækkaði um 205 m. kr. árið áður; birgðabreyting hvors árs er metin á meðalútflutningsverði viðkomandi árs, en tölur beggja ára eru reiknaðar á meðalviðskiptagengi ársins 1974. Innflutningur á sérstökum fjárfestingarvörum var um 1.200 m. kr. meiri 1974 en árið áður. Sé viðskiptajöfnuður árána 1973 og 1974 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnaðar milli ára miðað við þriggja ára meðaltal, verður útkoman sú, að viðskiptahalli á árinu 1974 verður um 10.200 m. kr. meiri en árið áður, og er það raunhæfari samanburður á breytingu viðskiptajafnaðar á árinu 1974 miðað við fyrra ár en tölur greiðslujafnaðaryfirlits

**Verðmæti  
útflutningsframleiðslu**

sýna, en þær eru að sjálfsögðu byggðar á inn- og útflutnings-  
tölum viðkomandi ára.

Verðmæti útflutningsframleiðslunnar jókst að krónuverðmæti í  
heild á árinu 1974 um tæp 35% frá árinu áður. Mestur hluti  
þessarar aukningar á rætur að rekja til erlendra verðhækkana  
og lækkandi gengis krónunnar á árinu 1974 miðað við árið áður.  
Þannig er áætlað, að útflutningsframleiðslan hafi aðeins aukizt  
um 2-3% að magni á árinu 1974.

**Aukning  
útflutningsverðmætis**

Heildarverðmæti vöruútflutnings á árinu 1974 varð 32.880 m. kr.  
á meðalgengi ársins, og er það tæplega 14% aukning frá fyrra  
ári, þegar útflutningsverðmæti ársins 1973 er umreiknað á með-  
algengi ársins 1974. Ef útflutningur á áli er undanskilinn, en  
útflutningsverðmæti þess rýrnaði um tæp 3% miðað við árið  
áður, nam verðmætisaukning annarra útfluttra vara rúmlega  
17% frá árinu áður. Aukning útflutningsverðmætis stafaði ein-  
göngu af hærra verði, því að meðalútflutningsverð 1974 mun  
hafa verið um 20,5% yfir meðalútflutningsverði 1973 reiknað á  
föstu gengi. Þannig má áætla, að magn útflutnings 1974 hafi  
verið 5-6% minna en 1973. Þótt verðlag á útflutningi hafi að  
meðaltali verið hærra 1974 en 1973, er þess að gæta, að verð-  
lag á mörgum mikilvægustu útflutningsvörum, þar á meðal  
freskfiski og mjöli, var mun lægra í lok árs 1974 en við byrjun þess.

*Útflutningur helztu vörflokka*

(Í m. kr. á meðalgengi ársins 1974)

	1970	1971	1972	1973	1974
Sjávarafurðir .....	12.538	13.709	14.822	21.265	24.592
Landbúnaðarafurðir .....	524	496	621	848	945
Iðnaðarvörur .....	2.761	1.984	4.393	6.411	6.534
Þar af ál .....	2.118	1.101	3.268	4.921	4.789
Aðrar vörur .....	190	148	254	331	806
Útflutningur, alls .....	16.013	16.337	20.090	28.856	32.877

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu útflutnings á helztu vöru-  
flokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar á  
meðalgengi ársins 1974. Verðmæti sjávarafurða var 75% af  
heildarútflutningi 1974 á móti 74% árið áður. Hlutdeild iðn-  
aðarvara nam 20% af heildarútflutningi 1974, en 22% árið  
áður, og er lækkun hlutdeildar iðnaðarvara eingöngu vegna áls,  
því að hlutdeild annarra iðnaðarvara í heildarútflutningi hélzt  
óbreytt frá 1973.

**Skipting  
útflutnings á lönd**

Helztu breytingar á skiptingu útflutnings á lönd 1974 miðað  
við árið áður voru þær, að útflutningur til landa Efnahagsbanda-  
lagsins (EEC) lækkaði úr 38,5% í 28,8% af heildarútflutningi,  
en hins vegar jókst hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna



(EFTA) úr 16,0% í 22,7% af heildarútflutningi. Hlutdeild Austur-Evrópulanda jókst úr 8,4% í 12,6%, en útflutningur til Bandaríkjaþjóða hlutfallslega úr 26,6% í 22,1% af heildarútflutningi.

**Útflutnings-  
vörubirgðir**

Eftirfarandi yfirlit sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað til gengis í árslok 1974.

*Útflutningsvörubirgðir*

(Í m. kr. á gengi í árslok 1974)

	1970	1971	1972	1973	1974
Sjávarafurðir .....	1.544	2.492	1.931	3.540	4.797
Landbúnaðarafurðir .....	261	346	440	679	343
Kísilgúr .....	2	19	29	18	7
Ál .....	485	2.322	1.003	604	964
Alls	2.295	5.179	3.403	4.841	6.111


**Aukning innflutnings**

Meðfylgjandi tafla sýnir almennan innflutning mánaðarlega 1973 og 1974, skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning, þar sem tölur fyrir hvern mánuð 1973 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1974 samkvæmt vísitölu meðalgengis þess mánaðar.

*Almennur innflutningur*

*C.i.f.-verð í m. kr. Hlutfallsleg (%)  
á mánaðarlegu meðalgengi 1974 breyting  
frá fyrra ári*

	1973		1974		Hlutfallsleg (%) breyting frá fyrra ári	
	<i>Annar alm.</i>	<i>Olía innfl.</i>	<i>Annar alm.</i>	<i>Olía innfl.</i>	<i>Annar alm.</i>	<i>Olía innfl.</i>
Janúar .....	178	1.163	138	2.070	÷ 22,5	77,9
Febrúar .....	238	1.247	289	2.283	21,4	83,1
Marz .....	127	1.324	383	2.583	201,6	95,1
Apríl .....	95	1.500	383	2.806	303,2	87,1
Mái .....	299	2.225	552	2.842	84,6	22,7
Júní .....	122	2.181	678	3.094	455,7	41,9
Júlí .....	176	2.323	170	3.242	÷ 3,4	39,6
Ágúst .....	216	2.151	500	2.264	134,5	5,3
September .....	254	2.427	744	4.179	192,9	72,2
Október .....	416	3.082	1.272	3.442	205,8	11,7
Nóvember .....	254	3.088	348	3.660	37,0	18,5
Desember .....	504	2.819	894	3.226	77,4	14,4
Jan.-marz .....	543	3.734	810	6.936	49,2	85,8
Apríl-júní .....	516	5.906	1.613	8.742	212,6	48,0
Júlí-sept. ....	646	6.901	1.414	9.685	118,9	40,3
Okt.-des. ....	1.174	8.989	2.514	10.328	114,1	14,9
Jan.-des. ....	2.879	25.530	6.351	35.691	120,6	39,8




### Innborganir vegna innflutnings

### Skipting innflutnings á lönd

Almennur innflutningur jókst þannig um tæp 48% frá árinu 1973, en að frátöldum olíuinnflutningi var aukningin tæp 40%. Sérstakur innflutningur jókst um 27%, og varð aukningin þar mest í innflutningi skipa, sem jókst um 35% frá fyrra ári. Hlutfallsleg aukning almenns innflutnings 1974 miðað við árið áður varð langmest á fyrsta ársfjórðungi eða 81%, á öðrum ársfjórðungi varð aukningin 61%, á þriðja ársfjórðungi 47%, en minnst varð aukningin á síðasta ársfjórðungi, 26%. Hin mikla aukning á almennum innflutningi, sem varð á árinu 1974, stafar að verulegu leyti af hækkandi verðlagi erlendis, því að auk hinnar gífurlegu hækkunar á olíuvörum var um að ræða almennt hækkandi verðlag á innfluttum vörum, en áætlað er, að erlent verðlag innfluttra vara hafi hækkað um allt að 34% frá árinu áður. Hins vegar er áætlað, að magnaukning almenns innflutnings hafi ekki orðið meiri en 14% þrátt fyrir mikinn innflutning bifreiða og neyzluvara, sem mótaðist af mikilli aukningu innlendrar eftirspurnar og spákaupmennsku.


Til þess að hamla gegn áframhaldi á hinn miklu aukningu innflutnings, sem varð á fyrstu fjórum mánuðum ársins, ákvað Viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabankann, að frá 20. maí 1974 til septemberloka 1974 skyldu innflytjendur greiða 25% af innlausnarverði vöruskjala við gjaldeyriskaup vegna innflutnings, og skyldi það fé bundið í Seðlabankanum í 90 daga. Undanþegnar innborgun voru ýmsar matvörur, mikilvæg hráefni til iðnaðar og rekstrarvörur til útgerðar. Hinn 6. september 1974 var innborgunarskyldan lækkuð úr 25% í 20% og jafnframt ákveðið, að hún skyldi lækka um 5 prósentustig fyrsta dag hvers mánaðar frá 1. október 1974 að telja og vera þar með lokið í ársbyrjun 1975.

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings 1974 á lönd miðað við árið áður voru þær, að innflutningur frá Austur-Evrópulöndunum jókst úr 8,9% í 13,4% af heildarinnflutningi, og á það rætur að rekja til hækkads olíuverðs. Þá lækkaði innflutningur frá Japan úr 7,0% í 2,7% af heildarinnflutningi, og er orsök þeirrar breytingar sveifla í skipainnflutningi, því að engin skip voru flutt inn frá Japan 1974, en 10 skuttogarar árið áður. Aðrar helztu breytingar voru þær, að hlutfallsleg lækkun varð á innflutningi frá löndum Fríverzlunarsamtakanna úr 22,8% í 20,2%, en innflutningur frá löndum Efnahagsbandalagsins jókst úr 43,7% í 44,8% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Bandaríkjunum jókst úr 7,4% í 7,9% af heildarinnflutningi.



### Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 14.700 m. kr. á árinu 1974, reiknað á meðalviðskiptagengi ársins. Árið áður var vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 3.520 m. kr. umreiknað á sambærilegu gengi. Samkvæmt því er vöruskiptajöfnuður ársins 1974 11.180 m. kr. óhagstæðari en árið áður. Við samanburð á vöruskiptajöfnuði milli ára er rétt að hafa í huga, að ekki er víst, að tölur um innflutning og útflutning sýni alltaf raunhæfa þróun innflutnings og útflutnings og þar með vöruskiptajöfnuð hvers einstaks árs. Kemur þar einkum tvennt til, í fyrsta lagi, að mikill munur getur verið á breytingu á birgðum útflutningsvara á einu ári borið saman við annað, og í öðru lagi er innflutningur á sérstökum fjárfestingarvörum svo sem skipum, flugvélum og vörum vegna stórframkvæmda oft háður miklum sveiflum frá ári til árs, sem gerir samanburð á vöruskiptajöfnuði einstakra ára oft óraunhæfan, nema sérstakt tillit sé til þess tekið. Ef litið er á árin 1973 og 1974 með tilliti til þessa, kemur í ljós, að verðmæti útflutningsvörubirgða jókst um 2.315 m. kr. á árinu 1974, en lækkaði um 205 m. kr. árið áður. Mismunur, að því er varðar þróun á verðmæti útflutningsvörubirgða, er því 2.520 m. kr. Á árinu 1974 var innflutningur sérstakra fjárfestingarvara 1.200 m. kr. meiri en árið áður. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1973 og 1974 leiðréttur fyrir birgðabreytingu útflutningsvara og innflutningur sérstakra fjárfestingarvara undanskilinn, reynist vöruskiptajöfnuður ársins 1974 vera 7.460 m. kr. óhagstæðari en árið áður, og er það raunhæfari munur á vöruskiptajöfnuði árána



1973 og 1974 en sá munur, sem tölur greiðslujafnaðaryfirlitsins sýna. Í reyndinni er það þó svo, að árlega er flutt inn meira eða minna af fjárfestingarvörum, svo sem skipum, flugvélum o. fl., og má því með réttu segja, að óeðlilegt sé að taka þann innflutning algjörlega út úr vöruskiptajöfnuði og að raunhæfara væri að jafna sveiflur, sem oft eru miklar í þeim innflutningi, með því að færa á einstök ár meðaltalsinnflutning nokkurra ára. Þannig myndi t. d. vöruskiptajöfnuður á árinu 1974 vera 8.770 m. kr. lakari en árið áður, ef meðalinnflutningur sérstakra fjárfestingarvara þriggja ára tímaþilsins 1972–1974 væri talinn með innflutningi á árinu 1973, en meðalinnflutningur sérstakra fjárfestingarvara 1973 og 1974 ásamt áætluðum innflutningi 1975 væri talinn með innflutningi á árinu 1974.

### Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, tekjur af varnarliði o. fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur hafi numið 15.200 m. kr. á árinu 1974, þjónustugjöld 16.030 m. kr., og er þjónustujöfnuður þá óhagstæður um 830 m. kr. reiknað á meðalviðskiptagengi ársins. Er þetta í fyrsta sinn síðan 1967, að þjónustujöfnuður reynist óhagstæður. Árið 1973 var þjónustujöfnuður hagstæður um 585 m. kr. reiknað á meðalgengi ársins 1974. Í þessari rýrnun þjónustujafnaðar vegur óhagstæð þróun í samgönguliðnum þyngst, auk þess sem mikil aukning hefur orðið á vaxtagjöldum og gjöldum vegna ferða- og dvalarkostnaðar. Af einstökum liðum þjónustujafnaðar er samgönguliðurinn mikilvægastur, en innan hans vegur flugið þyngst. Til tekna af erlendum ferðamönnum er aðeins talinn sá hluti, sem bankar kaupa af gjaldeyri vegna erlendra ferðamanna, þar með taldar tekjur frihafnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða með íslenskum farartækjum fyrir ferðir milli landa, talin í samgöngulið og eru þýðingarmikill hluti hans. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn náms- og sjúkrakostnaður. Ef þessir tveir liðir, sem námu 445 m. kr., eru dregnir frá útgjöldum vegna ferðalaga, námu útgjöld vegna almennra ferðalaga og ferða vegna viðskipta og atvinnurekstrar 1.815 m. kr. á árinu 1974, en það eru tæp 3% af heildarútgjöldum vegna vöru- og þjónustuviðskipta, og verður jöfnuður á ferðalagaliðnum óhagstæður um 195 m. kr. á árinu 1974 á móti 62 m. kr. árið áður.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirlærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu hagstæð um 60 m. kr. 1974 á móti 1.450 m. kr. árið áður, en þá kom inn mikið gjafafé vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

## Fjármagnshreyfingar

Helztu liðir fjármagnsjafnaðar eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðsla slíkra lána, stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánnum til eins árs og lengri tíma voru alls notaðar 12.380 m. kr., þar af námu lántökur einkaaðila 4.070 m. kr., að mestu leyti vegna skipakaupa. Lántökur opinberra aðila, þ. e. ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og bæjar- og sveitarfélaga námu alls 5.740 m. kr. Af þeirri upphæð voru 1.860 m. kr. andvirði láns, sem boðið var út á erlendum peningamörkuðum, að upphæð 12 milljónir evrópskra reikningseininga, þar sem hver reikningseining jafngildir 0,888671 grammi af skíru gulli. Þá námu lántökur á vegum Reykjavíkurborgar 1.340 m. kr. vegna hitaveitu og rafmagnsveitu. Lántökur lánastofnana námu 2.570 m. kr. Þar af voru 960 m. kr. vegna skipakaupa og endurlán- aðar eigendum þeirra. Endurgreiðslur af föstum lánnum námu alls 3.380 m. kr., sem skiptast þannig, að endurgreiðslur af einkalánnum voru 1.400 m. kr., af lánnum opinberra aðila 1.230 m. kr. og af lánnum lánastofnana 750 m. kr.

Samkvæmt framangreindum hreyfingartölum, sem umreiknaðar hafa verið úr erlendri mynt í íslenskar krónur samkvæmt meðalviðskiptagengi ársins, jukust föst erlend lán einkaaðila um 2.670 m. kr., opinberra aðila um 4.510 m. kr. og lán lánastofnana um 1.820 m. kr., og hafa því heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkað um 9.000 m. kr. á árinu 1974. Stutt vörukaupalán innflytjenda jukust um 1.885 m. kr., og ógreiddur útflutningur jókst um 336 m. kr. Innkomið langtímaáhættufjármagn nam 170 m. kr. og innkomið skammtímarekstrarfé 1.145 m. kr. Í heild er fjármagnsjöfnuður áætlaður hagstæður um 9.870 m. kr.


## Heildar- greiðslujöfnuður

Meðfylgjandi tafla sýnir bráðabirgðayfirlit helztu þátta greiðslujafnaðarins 1974, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árið 1973. Til þess að auðvelda samanburð milli ára hafa tölur ársins 1973 verið umreiknaðar á meðalviðskiptagengi ársins 1974.

### Greiðslujöfnuður við útlönd

(Í m. kr. á meðalgengi 1974)


	1973	1974
Innfluttar vörur, f.o.b. ....	÷ 32.490	÷ 47.580
Útfluttar vörur, f.o.b. ....	28.970	32.880
Vöruskiptajöfnuður .....	÷ 3.520	÷ 14.700
Þjónustujöfnuður .....	585	÷ 830
Viðskiptajöfnuður .....	÷ 2.935	÷ 15.530
Framlög án endurgjalds .....	1.615	60
Fjármagnsjöfnuður .....	2.605	9.870
Skekkjur og vantalið, nettó .....	÷ 172	...
Heildargreiðslujöfnuður .....	1.113	÷ 5.600



Á 4. töflu aftast í skýrslunni er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á árunum 1970-1974, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit yfir greiðslujöfnuð 1973 og 1974.

### Gjaldeyrisstaða

Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár. Eru tölurnar á þessu yfirliti allar umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1974 og eru því á sambærilegu gengi í lok þeirra þriggja ára, sem yfirlitið sýnir.



### Gjaldeyrisstaða bankanna (Í m. kr. á gengi í árslok 1974)

	1972	1973	1974
<b>Seðlabankinn:</b>			
Gjaldeyrisforði .....	10.290	11.955	5.745
Skuldir í frjálsum gjaldeyri .....	÷ 1.779	÷ 1.265	÷ 3.017
Vöruskiptareikningar, nettó .....	÷ 72	÷ 1.004	÷ 1.179
Viðskiptabankar, nettóstaða .....	÷ 711	÷ 644	365
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó .....	7.728	9.042	1.914

Vegna mikillar rýrnunar gjaldeyrisforðans á árinu 1974 samdi Seðlabankinn um lántökur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í ágústmánuði var tekið lán, sem samsvaraði gullframlagi Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en það eru 5,8 m. einingar í sérstökum dráttarréttindum (SDR). Á árinu 1974 ákvað Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að veita þátttökuríkjum sínum lánaþyrri-greiðslu til þess að mæta hluta af þeirri rýrnun gjaldeyrisforð-

ans, sem stafar af hækkuðu olíuverði og ríkin gætu ekki staðið undir að öðrum kosti nema grípa til óheppilegra samdráttar- aðgerða eða innflutnings- og gjaldeyrishafta. Seðlabankinn fékk í desembermánuði lán í þessum flokki að upphæð 15,5 millj. eininga í sérstökum dráttarréttindum. Var fyrirgreiðsla Alþjóða- gjaldeyrissjóðsins mjög mikilvæg til þess að bæta þrönga lausa- fjárstöðu gagnvart útlöndum.

## ÞRÓUN RÍKISFJÁRMÁLA

### Mikill greiðsluhalli

Ríkisbúskapurinn var rekinn með meiri halla á árinu 1974 en um langt árabil þar á undan, enda þótt umframeftirspurn hafi verið mikil strax í upphafi árs og verðbólga ört vaxandi. Greiðsluhalli ríkissjóðs var því ein orsök þess, að ástand efnahagsmála versnaði enn, þegar leið á árið. Ríkisreikningur fyrir árið 1974 hefur ekki verið lagður fram, þegar þetta er ritað, og hefur því verið byggt á mánaðarlegu greiðslufirliti ríkisbókhaldsins og reikningum Seðlabankans, sem gefa skýra mynd af afkomu ríkissjóðs. Tölurnar um fjármál ríkisins, sem hér birtast, eru því til bráðabirgða, enda þótt frávik þeirra frá endanlegum stærðum muni að öllum líkindum verða lítið.

### Nokkrar yfirlitstölur

Tekjur ríkisins á árinu 1974 eru áætlaðar 35.747 m. kr., en gjöld 38.722 m. kr., og var tekjuhalli ríkissjóðs því 2.975 m. kr., en var 751 m. kr. árið á undan, ef miðað er við innheimtar tekjur og raunverulegar greiðslur (greiðslugrunn). Tekjuhalli ríkissjóðs árið 1974 nam því 8,3% af tekjum. Nettó-útsreymi á lánahefingum var tæpar 600 m. kr., og varð því greiðsluhalli hjá ríkinu, sem svarar 3.572 m. kr., en árið á undan varð greiðsluhalli ríkissjóðs 334 m. kr., og er hér um meira en tífalda aukningu að ræða, og nam greiðsluhallinn á árinu 2,7% af verðmæti vergrar þjóðarframleiðslu.

Tekjur hafa farið 22% (6.500 m. kr.) fram úr tölum fjárlaga, en gjöld 32% (9.300 m. kr.). Tekjuskattar gáfu 17,3% (1.400 m. kr.) minna af sér en áætlað var í fjárlögum, en einn liður skattkerfisbreytinganna í marz 1974 var tekjuskattslækkun.

### Samanburður við fjárlög

Á móti tekjuskattslækkun átti að vega hækkun söluskatts um fjögur stig frá og með 25. marz. Söluskattur var aftur hækkaður um tvö stig í september, en fyrr á árinu, um mánaðamót febrúar og marz, var viðlagagjald á söluskattsstofn framlengt í 12 mánuði, en lækkað úr tveimur stigum í eitt. Jafnframt var bætt við einu söluskattsstigi, en tekjunum af því skyldi varið til að greiða niður verð á olíu til húsa hitunar. Tekjur ríkissjóðs af söluskatti (þ. e. að frádregnu viðlaga- og olíugjaldi) urðu 64,2% (4.300



*Yfirlit yfir fjármál ríkisins*

(Á greiðslugrunni í m. kr.)

	1973	1974*
1 Tekjur alls .....	24.066	35.747
2 Gjöld alls .....	24.817	38.722
3 Tekjuhalli (÷)/afgangur .....	÷751	÷2.975
4 Lánveitingar, nettó .....	÷ 12	÷ 44
5 Fjármagnsbörf (÷)/afgangur .....	÷763	÷3.019
Fjármögnun:		
6 Lántökur, nettó .....	693	850
7 Lausaskuldir, nettó .....	÷231	÷1.403
8 Greiðsluhalli (÷)/afgangur .....	÷301	÷3.572
81 ÷ þar af staðan gagnvart Seðlabanka .....	÷364	÷3.496

\* Bráðabirgðatölur.

m. kr.) hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Auk framan- greindra söluskattshækkana kom þar til meiri veltuaukning og innflutningur en reiknað hafði verið með, sem varð til þess, að óbeinir skattar almennt fóru langt fram úr áætlun, og voru t. d. almenn aðflutningsgjöld 31% hærri en á fjárlögum.

Helmingur af hækkun útgjalda umfram ákvæði fjárlaga var vegna atvinnumála, en þar er hækkun langmest í krónutölu eða tæp 60% (4.600 m. kr.) umfram fjárlög. Til atvinnumála eru hér taldar niðurgreiðslur á verði búvöru, en þær fóru alls 148% (2.200 m. kr.) fram úr áætlun fjárlaga. Útgjöld til félagsmála, þ. m. t. menntamál, fóru 21% fram úr áætlun, en vegna þess, hve mál þessi eru mikill hluti ríkisútgjalda, rúmur helmingur, var hér um 39% (3.600 m. kr.) útgjöld umfram fjárlög að ræða. Í þessum gjaldaflokki var mest hækkun útgjalda frá fjárlögum til velferðarmála (24%), en útgjöld til mennta-, menningar- og kirkjumála hækkðu minna (17%). Útgjöld til almennra mála, þ. m. t. almenn stjórn og löggæzla, fóru 27% (860 m. kr.) fram úr fjárlögum, einkum vegna mikillar hækkunar launaliða.

**Orsakir  
greiðsluhallans**


Margvíslegar ástæður liggja til þess, að ríkisfjármálin fóru úr böndunum á árinu, en margar þeirra má rekja til þess upplausnarástands og fjármálaóreiðu, sem er fylgifiskur ört vaxandi verðbólgu. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að tekjur aukast að jafnaði meira en gjöld sem bein afleiðing verðbólgunnar að öðru óbreyttu. Því var þess væntt lengi árs, að verðbólgan yrði til þess að jafna tekjuhalla ríkissjóðs, en svo reyndist ekki, vegna þess að á árinu var stofnað til nýrra útgjalda og greiðslur auknar, án þess að nægilegra tekna væri

aflað á móti. Við afgreiðslu fjárlaga höfðu ýmsir útgjaldaliðir, fyrst og fremst niðurgreiðslur á verði búvöru og fjölskyldubætur, verið vanáætlaðir og ákvörðun frestað um tekjuöflun eða niðurskurð gjalda. En vegna hinnar miklu stjórn málaóvissu, sem ríkti mestan hluta ársins, náðist ekki samstaða um slíkar aðgerðir. Miklu máli skipti einnig, að ýmsum þjónustufyrirtækjum ríkisins var ekki veitt heimild til að hækka verð á seldri þjónustu í samræmi við almennar verðlagshækkunir. Endanlega hefur hallarekstur þessara fyrirtækja verið borinn af ríkissjóði og fjármagnaður með yfirdrætti á reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Loks er að geta þess, að ýmsar greiðslur voru reiddar af hendi í desember, enda þótt venja hafi verið að fresta þessum greiðslum fram yfir áramót. Gerði það áramótastöðu ríkissjóðs hjá Seðlabankanum lakari en annars hefði orðið.

Samanburður ríkisútgjalda 1973 og 1974 sýnir 56% hækkun í krónutölu (14.000 m. kr.), en þar sem áætlað er, að verg þjóðarframleiðsla hafi hækkað um 43%, hefur hlutdeild ríkisútgjalda í vergri þjóðarframleiðslu vaxið úr 27% árið 1973 í 29% árið 1974. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir útgjaldaflokkum breyttist ekki mjög frá fyrra ári. Mest var hækkun útgjalda til iðnaðar og orkuvinnslu (115%) og sjávarútvegs (77%), en báðir eru þessir liðir lítill hluti ríkisútgjalda, til samans tæp 5%. Niðurgreiðslur jukust einnig mikið á árinu (72%), en í maí voru þær auknar sem svarar 2.160 m. kr. á ársgrunni, lækkaðar í september um 500–600 m. kr. á ársgrunni og aftur hækkaðar um 110 m. kr. á ársgrunni í desember, en jafnframt höfðu niðurgreiðslur verið vanáætlaðar um 590 m. kr. í fjárlögum miðað við þáverandi stig niðurgreiðslna. Alls voru niðurgreiðslur tæp 10% af ríkisútgjöldum eða 3.700 m. kr. Útgjöld til samgöngumála hækkuðu einnig mikið frá fyrra ári eða 65% (2.000 m. kr.), en þessi liður er nú með hæstu liðum á ríkisreikningi, tæpar 5.000 m. kr. Í heild jukust útgjöld til atvinnumála töluvert meira en útgjöld til félagsmála, þ. e. mennta-, menningar- og kirkjumála, heilbrigðismála og velferðarmála, annars vegar 72%, en hins vegar 54% aukning.

Innheimtar tekjur ríkisins 1974 eru um 48,5% hærrí en árið áður. Hlutdeild beinna skatta í ríkistekjum minnkar sífellt. Árið 1973 voru tekju- og eignarskattar tæp 23%, en árið 1974 aðeins 16% af ríkistekjum (á greiðslugrunni). Stafar þessi lækkun bæði af skattkerfisbreytingunni í marz, sem áður var getið, og hækkun óbeinna skatta, svo sem launaskatts, söluskatts og útsöluverðs ÁTVR, sem kom til framkvæmda á ýmsum tímum og var liður í efnahagsaðgerðum. Einnig magnaði aukin velta og innflutningur hlut óbeinna skatta í ríkistekjum. Í krónu-

### Samanburður við 1973



tölu jukust tekju- og eignarskattar um tæp 8% á árinu, en óbeinir skattar um 63%. Söluskattur jókst um rúm 99%, en rekstrarhagnaður ÁTVR hækkaði heldur minna (47%) en ríkistekjur í heild þrátt fyrir hækkun útsöluverðs þrisvar á árinu og 52% hækkun ráðstöfunartekna heimilanna. Gjöld af verzlun og viðskiptum við útlönd hækkuðu um 44% frá fyrra ári, enda þótt verðmæti alls innflutnings hafi hækkað um 63% á árinu. Mun hér einkum koma til lækkun aðflutningsgjalda í samræmi við samning Íslands við EFTA og EBE, en á móti þeirri lækkun vó, að hlutdeild hátollavöru í innflutningi jókst á árinu, m. a. vegna gifurlegs bílannflutnings.

#### Árstíðasveiflan


Greiðsluflæði ríkissjóðs er mjög árstímabundið, þó hafa gjöld dreifzt nokkuð jafnt á árið, en hafa samt verið þyngri seinni hluta árs. Tekjuinnstreymi er að jafnaði hlutfallslega lítið fyrri hluta árs, eykst, þegar á árið liður, og nær hámarki í desember. Þess er þó að geta, að innheimta tekna gengur mun hraðar nú en fyrir nokkrum árum vegna breyttra innheimtuaðferða. Sé greiðsluflæði ársins 1974 athugað, kemur hins vegar í ljós, að hlutfallsdreifing tekna og gjalda yfir árið er mikið til sú sama, en það er nýtt fyrirbrigði í íslenskum ríkisfjármálum. Á miðju ári 1974 höfðu t. d. 42,3% tekna komið inn, en 41,7% gjalda verið greidd, en árið á undan voru þessi hlutföll 40,7% og 45%. Í samræmi við ofangreinda árstíðasveiflu ríkisfjármála mundi ekki hafa orðið tekjuhali hjá ríkissjóði fyrri hluta árs, eins og venja hefur verið, ef tekjur og gjöld alls ársins hefðu verið í jafnvægi. Þróun ríkisfjármála á fyrri hluta árs 1974 var mun hagstæðari en árið á undan. Í lok fyrsta ársfjórðungs var tekjuhali ríkissjóðs 360 m. kr., en hafði verið 960 m. kr. á sama tíma 1973. Jafnvel á miðju ári var staðan enn ekki orðin verri en hún var á fyrri hluta ársins á undan, en tekjuhali var þá 1.060 m. kr. samanborið við 1.270 m. kr. Staðan við Seðlabankann versnaði heldur minna vegna hagstæðs lánajafnaðar ríkissjóðs þessa mánuði eða um 910 m. kr. borið saman við 1.140 m. kr. árið á undan. Hins vegar brá svo við, að síðari hluta árs snerist þróun ríkisfjármála ekki til hins betra eins og venja hefur verið, og varð tekjuhali 2.980 m. kr. fyrir árið í heild eins og áður er getið, ef miðað er við greiðslugrunn. Þannig hefur tekjuhali orðið 1.920 m. kr. seinni helming ársins borið saman við 520 m. kr. tekjuafgang árið áður. Staðan við Seðlabankann versnaði hins vegar mun meira vegna mikils lánaústreymis hjá ríkissjóði eða um 2.590 m. kr., en hafði batnað um 780 m. kr. á seinni hluta ársins á undan. Í heild versnaði staða ríkissjóðs um 3.500 m. kr. borið saman við 360 m. kr. árið á undan.

## ÞRÓUN PENINGAMÁLA

### Peninga- og útlánaþensla

Á árinu 1974 mótaðist þróun peningamála af miklum verðlags- og kostnaðarhækkunum, gífurlegri eftirspurnarþenslu, erfiðleikum útflutningsatvinnuveganna og vaxandi greiðsluörðugleikum opinberra aðila og fyrirtækja. Áhrif þessa efnahagsástands komu m. a. fram í mikilli ofþenslu útlána, samtímis því að verulega dró úr aukningu peningamagns og sparifjáreignar. Útlán bankakerfisins, sem jukust um nær 62% á árinu, gáfu tilefni til mikillar aukningar peningamagns, en sökum geysilegrar eftirspurnar eftir innfluttum vörum og þjónustu streymdu peningarnir til baka inn í Seðlabankann í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri. Peningamagn og sparifjáreign jukust um 27%, en höfðu aukizt um 35% árið 1973. Í samanburði við þjóðarframleiðslu, sem jókst um 43%, hefur peningamagn vaxið hægar en þjóðarframleiðslan fimmta árið í röð og veltuhraði peninga aldrei aukizt jafnmikið.

### Orsök peninga- og útlánaþenslu



Eins og áður greinir og meðfylgjandi tafla úr reikningum bankakerfisins sýnir, má rekja peningþenslu ársins 1974 eingöngu til útlána, þ. á m. skuldaaukningar ríkissjóðs. Heildarútlán bankakerfisins jukust um 21.800 m. kr. eða 61,5% miðað við nær 39% og 17% aukningu árin 1973 og 1972. Þrátt fyrir þessa gífurlegu útlánaaukningu jókst peningamagn í víðari merkingu (þ. e. peningamagn og sparifjáreign) ekki um meira en 27%, þar eð gífurleg eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri lækkaði erlendar eignir bankakerfisins nettó um tæpa 10 milljarða kr., auk þess sem innstæðuaukning ýmissa sjóða í vörzlu Seðlabankans dró úr peningasköpuninni. Gjaldreyrissala bankakerfisins umfram gjaldreyriskaup nam 5.800 m. kr. á árinu 1974, sem jafngildir samsvarandi rýrnun peningamagns. Auk þess tóku bankarnir lán til langs tíma erlendis, sem námu um 4.000 m. kr., til endurlána innanlands. Á undanförunum árum hafa slík lán verið tekin vegna atvinnuuppbyggingar, en á árinu 1974 voru einnig tekin lán til að mæta rekstrarörðugleikum bæjar- og sveitarfélaga.

## Áhrif útlánaþenslu





Vafalaust hefur mikil aukning útlána ýtt undir almenna eftirspurn eftir vörum, þjónustu og vinnuafli og á þann hátt aukið á eftirspurnarverðbólgu. Útlánaaukningin hefur einnig veikt gjaldeyrisstöðuna, ekki sízt þar sem mikil óvissa ríkti í stjórn-málum og sífellt var búizt við nýjum efnahagsaðgerðum. Útlána-aukningin var heldur ekki í samræmi við eðlilega bankastarfsemi, eins og sjá má, þegar litið er á viðskipti innlánsstofnana við Seðlabankann. Ef litið er á heildarfyrirgreiðslu Seðlabankans við innlánsstofnanir og greiðslur inn á bundna og óbundna reikninga í Seðlabankanum dregnar frá, kemur í ljós, að nettó-útstreymi til innlánsstofnana, þannig skilgreint, nemur rúmum sjö milljörðum króna, en það svarar til um 48% af útlánaaukningunni. Stóraukin fjárförf atvinnuveganna vegna síhækkandi rekstrarkostnaðar knúði vafalaust á um aukin útlán. Hins vegar verður ekki séð, að aukin lánaþyrirgreiðsla hafi leyst þann rekstrarvanda, sem á höndum var, heldur aðeins frestað nauðsynlegum aðgerðum.

### Úr reikningum bankakerfisins

Hreyfingar í millj. kr.	1972	1973	1974
Peningamagn og sparifé .....	3.818	9.178	9.471
Orsakir breytinga peningamagns:			
Erlendar eignir, nettó .....	387	536	÷9.835
Lán, samtals .....	3.712	9.842	21.804
Til ríkissjóðs og ríkisstofnana .....	÷ 163	1.277	4.155
— bæjar- og sveitarfélaga .....	÷ 115	182	1.060
— fjárfestingarlánasjóða .....	429	588	460
— atvinnuvega .....	2.734	6.357	14.682
— einstaklinga .....	827	1.438	1.447
Innstæður sjóða í opinberri vörzlu .....	÷ 185	÷ 696	÷1.903
Annað .....	÷ 96	÷ 504	÷ 595
Hreyfingar í %			
Peningamagn og sparifjáreign .....	17,1	35,1	26,8
Lán, samtals .....	17,0	38,5	61,5

**Útlán innlánsstofnana** Útlán innlánsstofnana jukust um 15.153 m. kr. eða nær 49% miðað við 7.719 m. kr. (33%) aukningu árið áður. Margar samverkandi orsakir urðu þess valdandi, að lánsfjáreftirspurn var með eindæmum mikil á árinu 1974. Miklar verð- og kostnaðarhækkningar samfara sölutregðu á erlendum mörkuðum leiddu af sér stóraukna rekstrarfjárförf atvinnuveganna. Jafnframt jókst eftirspurn eftir lánsfé til framkvæmda bæði í atvinnulífínu og eins til íbúðabygginga. Veruleg hækkun vaxta bæði á árinu 1973 og 1974 virðist ekki hafa megnað að draga nægilega úr eftirspurn eftir lánsfé, enda fór verðlag ört hækkandi og hlutfall



vaxta og verðbreytinga var óhagstæðara. Loks er þess að geta, að sú spákaupmennska, sem hófst á seinni hluta ársins 1973, var í fullum gangi á fyrri hluta ársins 1974 og magnaðist af ótta við gengisbreytingar og áframhaldandi verðbólgu.

Ef litið er nánar á aukningu lána til atvinnuveganna, sést, að mest kom í hlut sjávarútvegsins á árinu 1974. Að verulegu leyti er rekstrarfjárförf atvinnuveganna mætt með endurkaupum Seðlabankans á afurðavíxlum, sem endurgreiðast af söluandvirði afurðanna. Til viðbótar lána viðskiptabankarnir yfirleitt 28–30% af verðmæti endurkaupanna, þannig að atvinnuvegirnir fá um 70–75% af verðmæti afurðabirgða frá bankakerfinu. Eins og meðfylgjandi tölur sýna, jukust endurkaup Seðlabankans á árinu 1974 um 4.247 m. kr., sem er rösk tvöföldun frá fyrra ári, og að meðtöldum viðbótarlánnum viðskiptabankanna má áætla, að slík rekstrarlán hafi aukizt samtals um 5.500 m. kr.

Hreyfingar í millj. kr.	1972		1973		1974	
	M. kr.	%	M. kr.	%	M. kr.	%
Endurkaup Seðlabanka, alls ..	637	(31,0)	1.289	(47,9)	4.247	(106,7)
Landbúnaður .....	341	(33,5)	531	(39,0)	649	(34,3)
Sjávarútvegur .....	206	(25,9)	480	(47,9)	2.609	(176,0)
Iðnaður .....	83	(49,7)	191	(76,4)	541	(122,7)
Annað .....	7		86		4491	

1) Endurkaup vegna olíu 333 m. kr.

Vaxandi sölutregða sjávarafurða á erlendum mörkuðum og aukin birgðasöfnun ollu hér mestu um. Einnig jukust aðrar skuldir sjávarútvegs mjög mikið, m. a. vegna versnandi rekstrarafkomu. Gífurleg verðhækkun olíuvara jók rekstrarfjárförf olíufélaganna, enda urðu lán til þeirra helmingi hærrí (790 m. kr.) en á árinu 1973. Einnig áttu bæjar- og sveitarfélög í vaxandi greiðsluferfiðleikum og leituðu aukinnar fyrirgreiðslu innlánsstofnana. Lán til þeirra jukust um 1.050 m. kr., sem er 800 m. kr. umfram samsvarandi lán árið áður.

Eins og sjá má í töflu 21 hér að aftan í töflusafni þessarar skýrslu, hefur hlutdeild atvinnuveganna í útlánaaukningu vaxið úr 73% í 78% á árinu 1974, sem orsakaðist, eins og áður greinir, fyrst og fremst af mjög verulegri útlánaaukningu til sjávarútvegs annars vegar og olíufélaga hins vegar. Hlutdeild bæjar- og sveitarfélaga nær þrefaldaðist eða úr 2,7% árið 1973 í 6,9%. Aftur á móti héldust útlán til einstaklinga nær óbreytt í krónum, en í því felst, að hlutdeild þeirra í útlánaaukningu ársins hefur fallið úr 18,6% árið 1973 í 9,5%.

## Lán Seðlabankans



## Stefnan í peningamálum

Lán Seðlabankans til annarra en innlánsstofnana jókst nær þrefalt meir en á árinu 1973 eða um tæpar 3.800 m. kr., eingöngu vegna mikils greiðsluhalla hjá ríkissjóði og Viðlagasjóði. Nettóskuld ríkissjóðs jókst um 3.400 m. kr., þar af um 500 m. kr. vegna endurlánaðs erlends lánsfjár til vegagerðar. Hér er um stórfellda skuldaaukningu að ræða frá fyrra ári, en þá hafði skuld ríkissjóðs við Seðlabankann aukizt um 381 m. kr. eða innan við 2% af ríkisútgjöldum. Á árinu 1974 nam skuldaaukning ríkissjóðs hins vegar um 8,3% af ríkistekjum, en nánar er gerð grein fyrir tekjum og útgjöldum ríkissjóðs í kafla um ríkisfjármál hér að framan. Skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann jókst um 700 m. kr. á árinu 1974 og nam alls 1.480 m. kr. í árslok. Útgjöld Viðlagasjóðs, frá því að hann tók til starfa snemma árs 1973 til ársloka 1974, hafa numið 6.267 m. kr., en tekjur ekki nema 4.787 m. kr., þannig að um mjög verulegan greiðsluhalla hefur verið að ræða, sem Seðlabankinn hefur orðið að fjármagna. Aðrar ríkisstofnanir bættu stöðu sína við Seðlabankann um rúmar 200 m. kr., en þá er talið með endurlánað erlent lánsfé, sem tekið var vegna opinberra framkvæmda. Þannig nam peningaústreymi frá Seðlabankanum vegna greiðsluhalla ríkisgeirans í heild um 3.900 m. kr., sem er rösklega þrefalt hærri upphæð en árið 1973. Slæm greiðsluafkoma ríkisaðila hefur því leitt til mikillar nýmyndunar peninga og haft augljós þensluáhrif á árinu 1974.

Stefna Seðlabankans á árinu 1974 mótaðist af auknu aðhaldi í peningamálum, en í þeim efnum var við ramman reip að draga. Í upphafi ársins var lausafjárstaða innlánsstofnana bæði gagnvart Seðlabanka og útlöndum neikvæð um rúmar 1.000 m. kr. Jafnframt voru taldar líkur á greiðsluhalla við útlönd á árinu þrátt fyrir aukið innstreymi erlends lánsfjár. Hvorttveggja gaf tilefni til að ætla, að útlánageta innlánsstofnana yrði minni en verið hafði, og því myndi heldur draga úr peningaþenslunni. Engu að síður voru mörg teikn á lofti, sem gáfu tilefni til aukins aðhalds.

Undir lok ársins 1973 hafði verðlag nokkurra mikilvægra útflutningsafurða staðnað, og fór það síðan lækkandi á árinu 1974. Verðlag innfluttra vara hafði hins vegar farið hækkandi og hækkaði jafnt og þétt á árinu 1974. Var sýnt í byrjun ársins, að viðskiptakjörin við útlönd myndu versna. Annað meginvandamál, sem við var að glíma, var ört vaxandi verðbólga og eftirspurnarþrýstingur. Fyrir dyrum stóðu einnig almennir kjarasamningar launþega, en af þeim leiddi kauphækkningar langt um-

**Útlánamarkmið****Ríkisvixlar****Spariskirteini**

fram getu atvinnuveganna, sem nánar hefur verið gerð grein fyrir framar í þessari skýrslu.

Strax í janúar hóf Seðlabankinn viðræður við viðskiptabankana um nauðsyn útlánaaðhalds. Stóðu þær fram í maíbyrjun og lauk með samkomulagi um útlánamarkmið, er miðaði að því, að útlán viðskiptabankanna ykjust ekki um meira en 22% á árinu í heild. Ennfremur beitti bankinn sér fyrir því, að ríkisvixlar til þess að mæta árstíðafjárþörf ríkissjóðs væru gefnir út fyrir en áður. Í byrjun febrúar keypti Seðlabankinn vixla fyrir 300 m. kr. til endursölu til innlánsstofnana, en reynslan hefur sýnt, að fjöldi sparisjóða hefur áhuga á slíkum kaupum. Einnig var hafin sala á verðbréfum ríkissjóðs fyrir á árinu en oftast áður. Voru seld spariskirteini og happdrættisskuldabréf fyrir 650 m. kr. á fyrsta og öðrum ársfjórðungi, en í heild nam sala slíkra bréfa röskum 900 m. kr. á árinu 1974. Í maí ákvað viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabankann, að innflytjendur (fyrst og fremst fullunninna vara) yrðu að greiða inn á 3ja mánaða geymslureikninga hjá Seðlabankanum andvirði 25% af verðmæti vörunnar. Þessar greiðslur voru afnumdar í áföngum frá byrjun september til ársloka. Frá maí til ágústloka höfðu safn-azt á slíka geymslureikninga röskar 1.200 m. kr., en á sama tíma nam aukning á peningamagni 1.000 m. kr. Þessi aðgerð var samræmd öðrum efnahagsaðgerðum í maí, þar á meðal frestun vísitöluuppbótar launa, verðstöðvun og 25% niðurskurði á áformuðum lánum Framkvæmdasjóðs til atvinnuvegasjóða.

*Reikningar Seðlabankans*

<i>Hreyfingar í millj. kr.</i>	1972	1973	1974
Erlendar eignir .....	765	1.050	÷7.981
Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir .....	÷ 278	1.206	3.912
— - fjárfestingarlánasjóði .....	330	246	÷ 167
— - innlánsstofnanir .....	1.091	1.981	9.377
— - aðra .....	÷ 528	÷ 10	28
Sjóðir í opinberri vörzlu o. fl. ....	÷ 31	÷ 806	÷1.984
Samtals (= grunnfé) .....	1.349	3.667	3.185
Veltufjármunir innlánsstofnana .....	390	376	290
Bundnar innstæður innlánsstofnana .....	702	2.055	1.782
Seðlar og mynt í umferð .....	401	541	742
Innstæður fjárfestingarlánasjóða .....	÷ 144	695	371

**Vaxtahækkun**


Um miðjan júlí ákvað Seðlabankinn að hækka innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana um 4 prósentustig í þeim tilgangi að draga úr aukningu útlána og jafnframt bæta hag sparifjáreigenda. Voru til dæmis almennir sparifjár vextir hækkaðir úr 9% í 13% og vixilvextir úr 12% í 16%. Hins vegar hækkuðu vextir



## Áhrif aðgerða

á afurðalánnum aðeins um 1 prósentustig. Tafla 32 í töflusafni sýnir vaxtabreytingarnar nánar.

Eins og áður greinir var að því stefnt, að viðskiptabankarnir ykju ekki útlán sín meir en um 22% á árinu 1974, og er átt við útlán önnur en útlán endurkeypt af Seðlabankanum og lán bankanna til Framkvæmdasjóðs. Reyndin varð hins vegar sú, að bankarnir juku útlán sín um tvöfalt hámarkið eða 44%. Ýmsar orsakir lágu þar að baki, svo sem nánar var lýst hér að fram- an. Bankarnir hafa því látið undan eftirspurnarþrýstingnum, sem ríkti allt árið, en þessu var allmisskipt eftir einstökum bönk- um, og voru einkabankarnir mun nær markmiðinu en ríkis- bankarnir. Þó er ljóst, að á síðustu mánuðum ársins dró tölu- vert úr aukningu útlána. Hefur sú þróun vafalaust átt þátt í því ásamt öðrum samverkandi aðgerðum að draga úr gegnd- arlausri eftirspurn eftir innfluttum vörum og þjónustu, sem raun varð á seinni hluta ársins, en þessu eru gerð nánari skil í kaflan- um um greiðslujöfnuð framar í skýrslunni.




### Samandregið yfirlit úr reikningum innlánsstofnana 1972–1974

Hreyfingar í millj. kr.	1972	1973	1974
Til Seðlabanka, nettó	2	451	–
Erlendir liðir	÷ 134	144	956
Útlán	3.868	7.719	15.153
Samtals (ráðstöfun = uppruni)	3.736	8.314	16.109
Innlán	3.561	7.942	8.344
Frá Seðlabanka, nettó	–	–	7.306
Annað	175	372	459

### Hreyfingar í %


Útlán	19,8	32,9	48,8
Innlán	17,7	33,5	26,4

## Lausafjárstaða innlánsstofnana




Venjulega batnar lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðla- bankanum á fyrri helmingi hvers árs, en það má rekja til pen- ingaúttreyemis frá Seðlabankanum vegna fjárþarfar ríkissjóðs og endurkaupa á afurðavíxlum sjávarútvegsins yfir vetrarver- tíðina. Á móti kemur samdráttarsveifla á seinni hluta ársins, sérstaklega síðustu mánuðina. Þessu var á annan veg farið á árinu 1974, er lausafjárstaðan versnaði um 3.400 m. kr. á fyrstu sex mánuðum ársins. Alls versnaði staða þeirra gagnvart Seðla- bankanum á árinu um 4.900 m. kr., og er þá talin með nær 3.000 m. kr. aukning á verðbréfaskuld innlánsstofnana gagnvart bank- anum, en þar er eingöngu um breytingu á skammtíma- í langa skuld að ræða. Á hinn bóginn bættu bankarnir lausafjárstöðu sína gagnvart útlöndum um 960 m. kr., þannig að lausafjár-

## Grunnfjárukning



## Innlán



staða innlánsstofnana í heild versnaði í reynd um nær 4.000 m. kr.

Peningaúttreymi frá Seðlabankanum leggur grunninn að útlánagetu innlánsstofnana hverju sinni. Á árinu 1974 jókst grunnféð um 3.200 m. kr., sem var nokkru minni aukning en árið áður, þrátt fyrir að aukning heildarútlána bankans (þar með talin lán til innlánsstofnana) meira en fjórfaldaðist frá fyrra ári. Halli á utanríkisviðskiptum og gífurleg rýrnun gjaldeyrisstöðunnar, sem af því leiddi, dró verulega úr grunnfjármýnduninni og um leið útlánagetu innlánsstofnana. Hins vegar juku innlánsstofnanir útlán sín um 49% á árinu, enda þótt innlán þeirra ykjast aðeins um 26%, en það leiddi af sér stóraukna skuldasöfnun hjá Seðlabankanum.

Eins og komið hefur fram, hefur eftirspurnarþensla og verðbólguótti dregið úr eðlilegri myndun sparifjár. Þannig sýna línuritin hér á blaðröndinni, að mikið dró úr aukningu velti- og spariinnlána á fyrri hluta árs 1974, þegar áhrifa spákaupmennsku gætti mest. Ef litið er á aukningu spariinnlána undanfarið 12 mánaða tímabil, kemur í ljós, að spariinnlán fóru stighækkandi mánuð eftir mánuð allt árið 1973, en þá tók að halla undanfæti, og fram til ágústloka 1974 dró jafnt og þétt úr aukningunni. Féll hlutfallsaukning spariinnlána þannig reiknuð úr 30%, sem náðist á tímabilinu janúar–desember 1973, í 21% fyrir tímabilið september 1973 til ágústloka 1974. Þessi þróun snerist við á síðustu mánuðum ársins, og nam aukningin u. þ. b. 26% yfir allt árið 1974. Þróun veltiinnlána var mjög svipuð, nema hvað hún snerist við nokkru fyrr á árinu eða í júní.

Um miðjan júlí voru innlánsvextir á sparifé hækkaðir um 4 prósentustig, og fóru vextir á almennum bókum úr 9% í 13% og 1 árs bókum úr 12% í 16%. Var þetta annað árið í röð, sem vextir voru hækkaðir, en á árinu 1973 voru þeir hækkaðir um 2–3%. Vaxtahækkunin var hlekkur í efnahagsaðgerðum, sem framkvæmdar voru á tímabilinu maí til september. Erfitt er því að greina áhrif vaxtahækkunarinnar á þróun spariinnlána. Hins vegar er augljóst, að vaxtabreytingin hefur stuðlað að hagstæðari þróun síðustu mánuði ársins.

## STARFSEMI FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐA OG LÍFEYRISSJÓÐA

Samhliða innlánsstofnunum starfar fjöldi mikilvægra fjárfestingarlánasjóða, sem annast lánsviðskipti, en þjóna flestir skýrt mörkuðum verkefnum. Sjóðum þessum er það sameiginlegt, að þeir taka ekki við innlánunum, heldur byggjast á eigin höfuðstól, framlögum ríkisins, mörkuðum tekjustofnum, en þó að stærstum hluta á eigin lántöku til endurlána.

### Fjárfestingar- lánasjóðir

Áætlað er, að heildareignir fjárfestingarlánasjóðanna hafi numið um 32 milljörðum króna í árslok 1974, og hafa þá eignir þeirra hækkað, að því er áætlað er, um 36% frá fyrra ári. Starfsemi fjárfestingarlánasjóða hefur vaxið mjög ört á undanförunum 3—4 árum, enda hafa stjórnvöld lagt á það mikla áherzlu.

Starfsemi fjárfestingarlánasjóða á árinu 1974 einkenndist af mikilli aukningu lána til landbúnaðar (82%), en aukning varð aftur á móti minni í lánunum til iðnaðar (58%) og verzlunar (43%). Lán til sjávarútvegs lækkuðu hins vegar um 12%, en þá ber að hafa í huga, að lán Fiskveiðisjóðs árið 1973 voru óvenjumikil vegna togarakaupa frá Japan, sem fjármögnuð voru með erlendri lántöku. Ef framangreind togaralán Fiskveiðisjóðs eru undanskilin, hafa lán til sjávarútvegs aukizt um 35% á árinu 1974. Alls jukust lán til atvinnuvega um 43%, ef frá eru talin togarakaupin frá Japan, en annars um 10%. Lán til íbúðabygginga jukust hins vegar mun meira eða um 64%.

Aukin áherzla, sem lögð hefur verið á starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna á undanförunum árum, hefur orðið til þess, að lántökur þeirra hafa stóraukizt og eigin fjármögnun orðið sífellt minni hluti heildarfjárráðstöfunar þeirra. Á árinu 1974 minnkadi eigin fjármögnun fjárfestingarlánasjóða í fyrsta skipti um árabíl. Skýring þessa er að nokkru leyti sú, að vanskil til sjóðanna hafa aukizt, en einnig er því um að kenna, að kjör á teknum lánunum sjóðanna eru oft mun óhagstæðari en útlánakjör þeirra. Kemur þar til, að lántökur sjóðanna eru oft til skemmri tíma

## Uppruni fjármagns

en endurlán, og verðtryggð lán hafa alloft verið endurlánuð óverðtryggð.

Framlög án endurgjalds til fjárfestingarlánasjóða hafa hins vegar aukizt mjög mikið eða um 81% á árinu 1974, einkum vegna þess, að tekjustofnar, sem ríkið markar sjóðunum, hafa gefið mikið af sér. Einnig kemur hér til, að launaskattur, sem rennur til Byggingarsjóðs ríkisins, var hækkaður úr 1% í 2% á árinu, en jafnframt stórjukust framlög ríkisins til Fiskveiðasjóðs. Haustið 1973 var lagt á útflutningsgjald, er nam 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, og ákveðið, að ríkissjóður legði sömu upphæð á móti. Innheimta þessa tekjustofns hófst ekki að fullu fyrr en 1974, en þá nam þessi nýi tekjustofn ásamt mótframlagi 426 m. kr., en alls fékk Fiskveiðasjóður 538 m. kr. af ríkisfé á árinu.

### Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða (Hreyfingar)

	Breytingar frá fyrra ári			
	1973	1974		
	m. kr.	%	m. kr.	%
Uppruni fjármagns:				
Eigin fjármögnun, nettó .....	944	52,5	610	÷35,4
Innkomnar afborganir og vextir ....	2.780	43,3	3.602	29,6
÷ Greiddar afb., vextir og kostnaður	÷1.836	39,0	÷2.992	63,0
Framlög án endurgjalds .....	1.857	98,0	3.360	80,9
Frá ríkinu .....	1.424	55,1	2.590	81,9
Frá öðrum .....	433	...	770	77,8
Lántökur til langs tíma .....	3.781	55,9	3.917	3,6
Frá ríkissjóði og ríkisstofnunum ....	1.102 <sup>1)</sup>	206,1	800 <sup>1)</sup>	÷27,4
Frá Seðlabankanum .....	167	÷57,2	150	÷10,2
Frá viðskiptabönkunum .....	480	78,4	605	26,0
Frá lífeyrissjóðum .....	355	85,9	835	135,2
Frá Atvinnuleysistryggingarsjóði ...	173	4,2	296	71,1
Innkominn skyldusparnaður .....	660	56,4	909	37,7
Önnur innlend löng lán .....	4	...	17	...
Beinar erlendar lántökur .....	840	36,1	305	÷63,7
Innlend bráðabirgðalán, nettó .....	111	...	24	÷78,4
Ráðstöfun fjármagns:				
Útlán .....	5.849	44,7	7.325	25,2
Framlög og styrkir .....	93	17,2	137	47,3
Hreyfingar á sjóði og bankainnstæðum	751	...	449	÷40,2

1) Endurlánað erlent lánsfé 1973 = 905 m. kr.; 1974 = 800 m. kr.

Lántökur sjóðanna námu 3.917 m. kr. á árinu 1974, en 3.781 m. kr. árið áður. Stafar þessi litla hækkun fyrst og fremst af því, að Fiskveiðasjóður tók, eins og áður greinir, lán vegna skipa-

kaupa í Japan, samtals 945 m. kr., á árinu 1973, en yfirleitt fá kaupendur nýrra skipa lán hjá eða fyrir milligöngu viðkomandi skipasmíðastöðva. Á árinu 1973 var hins vegar brugðið út af þeirri venju, er Fiskveiðasjóður tók sjálfur erlent lán í þeim tilgangi að fjármagna kaup 10 togara frá Japan. Stærstur hluti af lántökum fjárfestingarlánasjóða er á vegum Framkvæmdasjóðs. Tók hann alls 1.958 m. kr. að láni á árinu 1974, en 1.758 m. kr. 1973. Þar af voru 800 m. kr., er komu í hlut Framkvæmdasjóðs af erlendri lántöku ríkissjóðs. Auk þess tók hann 600 m. kr. að láni hjá innlánsstofnunum samkvæmt samningi Framkvæmdasjóðs við viðskiptabanka þess efnis, að þeir beini 10% af innlánsaukningu sinni til Framkvæmdasjóðs. Þá tók Framkvæmdasjóður 253 m. kr. að láni hjá lífeyrissjóðum skv. samningi þess efnis, að lífeyrissjóðir skyldu beina 20% af ráðstöfunarfé sínu á árinu til skuldabréfakaupa hjá Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins. Framkvæmdasjóður tók auk þess lán erlendis að upphæð 305 m. kr. hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðs.

#### Útlán

Útlán fjárfestingarlánasjóða námu samtals 7.325 m. kr. árið 1974, en 5.849 m. kr. árið 1973. Hækkun útlána milli ára varð því um 25% eða nokkru minni en árið áður (45%). Sérstök lánafyrirgreiðsla Fiskveiðasjóðs á árinu 1973, sem getið er hér að ofan, varð þess valdandi, að tiltölulega lítil aukning virðist hafa orðið á útlánum fjárfestingarlánasjóða árið 1974. Lán Fiskveiðasjóðs sjálfs lækkuðu úr 2.421 m. kr. 1973 í 1.996 m. kr. 1974. Sé hins vegar leiðrétt fyrir hinni óvenjulegu lánafyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs 1973, jukust lán fjárfestingarlánasjóða um 46%. Fjármagnshreyfingar fjárfestingarlánasjóða eru sýndar í 24. töflu og 25. töflu í töfluviðauka aftan við þessa skýrslu.

#### Lífeyrissjóðir

Alls voru 94 lífeyrissjóðir starfandi á árinu 1974, og var ráðstöfunarfé þeirra 4.150 m. kr., að því er áætlað er. Er það um 47% aukning frá árinu 1973. Iðgjaldatekjur sjóðanna umfram lífeyrisgreiðslur þeirra eru taldar hafa verið um 2.900 m. kr., en eigið fé, þ. e. innkomnar afborganir og vextir af eignum lífeyrissjóða að frádregnum kostnaði, er áætlað hafa verið 1.250 m. kr. Gögn þau um fjárstreymi lífeyrissjóða, er nú liggja fyrir, benda til þess, að innheimta lífeyrissjóða á iðgjöldum hafi gengið verr, er leið á árið, vegna fjárhagserfiðleika atvinnuveganna. Er ætlað, að iðgjaldaskuldir við lífeyrissjóðina hafi aukizt um 200–300 m. kr. á árinu. Útlán lífeyrissjóða á árinu 1974 eru áætluð 3.700 m. kr. Stærsti hlutinn þar af eru lán til sjóðfélaga, en lán lífeyrissjóða til annarra þarfa eru samt síaukinn hluti af heildarútlánum þeirra. Festu þeir m. a. kaup á verðtryggðum skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs fyrir upphæð samtals 596 m. kr. árið 1974 borið saman við 226 m. kr.

*Fjárstreymi lífeyrissjóða*

(Hreyfingar í m. kr.)

		Bráðab- tölur	Áætlun
	1972	1973	1974
Uppruni fjármagns:			
Eigin fjármögnun, nettó .....	601	890	1.250
Innkomnar afborganir .....	279	387	520
Vaxtatekjur .....	373	553	800
Annað, nettó .....	÷ 51	÷ 50	÷ 70
Hreinar iðgjaldtekjur .....	1.290	2.010	2.900
Innkomin iðgjöld .....	1.767	2.691	3.940
÷ lífeyrisgreiðslur og endurgr. iðgj.	÷ 477	÷ 681	÷ 1.040
Ráðstöfun fjármagns:			
Útlán .....	1.570	2.400	3.700
Til meðlima .....	1.257	1.915	2.665
Til fjárfestingarlánasjóða .....	191	355	835
Til annarra .....	122	130	200
Aukning á sjóði og bankainnstæðum ..	321	500	450

1973. Ennfremur lánaði Lífeyrissjóður bænda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Veðdeildar Búnaðarbankans 158 m. kr. og Lífeyrissjóður verzlunarmanna til Verzlunarlánasjóðs og Veðdeildar Iðnaðarbankans 81 m. kr. Önnur lán lífeyrissjóða en til sjóðfélaga, aðallega milliliðalaust til atvinnufyrirtækja, eru talin hafa numið um 200 m. kr. Heildareignir lífeyrissjóða í árslok 1974 eru áætlaðar um 13,5 milljarðar króna borið saman við 9,3 milljarða króna 1973. Svarar þetta til um 45% aukningar. Meirihluti þessa fjár er bundinn í skuldabréfaeign sjóðanna, en áætlað er, að um 2,1 milljarðar króna séu innstæður í bönkum og sparisjóðum.

## YFIRLIT YFIR LÁNAMARKAÐINN

Í tveim næstu köflum hér á undan er leitast við að gera grein fyrir þróun útlána hjá innlánsstofnunum annars vegar og hjá fjárfestingarlánasjóðum og lífeyrissjóðum hins vegar. Í þessum kafla eru þessir þættir dregnir saman í eina heildarmynd, þar sem gerð er grein fyrir sparnaði, fjárfestingu og hlut lánsfjár í fjármögnun hennar.

Meðfylgjandi tafla sýnir samandregna mynd af straumum lánsfjár árin 1973 og 1974. Kemur þar fram, að heildarútlán hafa meira en tvöfaldast milli þessara tveggja ára. Að langmestu leyti er orsaka þessarar aukningar að leita innanlands, en þessi innlendu lán jukust úr 16,1 milljarði króna nettó 1973 í 30 milljarða króna 1974 eða um 87%. Þá varð og mikil aukning í erlendum lánnum eða úr 75 m. kr. 1973 í 4.523 m. kr. 1974. Var aukningin í erlendum lánnum til langs tíma mjög mikil milli þessara tveggja ára, en erlendar skuldir til skamms tíma minnkðu bæði árin. Tekið skal fram, að til erlendra lána í þessum kafla eru aðeins talin lán, sem lántakendur taka beint til eigin nota. Lán, er koma erlendis að gegnum milliliði, lánastofnanir, eru talin til annarra innlendra lánveitinga þessara milliliða. Heildarmynd erlendra lánsfjárhreyfinga er skýrð í kaflanum um greiðslujöfnuð.

### **Innlend lán**

Langmestur hlutinn af innlendum lánnum gekk að vanda til atvinnuveganna. Lán til þeirra nær tvöfölduðust, og kom svo að segja öll aukningin frá bankakerfinu. Heildarlán innanlands til atvinnuveganna jukust úr 9,5 milljörðum króna 1973 í 18,0 milljarða króna 1974. Þar af jukust lán bankakerfisins úr 6,4 milljörðum króna í 14,7 milljarða króna. Hlutur atvinnuveganna í heildarlánnum innanlands 1974 nam um þremur fimmtu eða álíka miklu og árið áður. Hins vegar minnkaði hlutur innlends lánsfjár til íbúðabygginga verulega eða úr 23% 1973 í 17% 1974, en á móti jók ríkið hlut sinn verulega eða úr 12% í 17%. Er þetta annað árið í röð, þar sem þróunin er á þennan veg. Lán til sveitarfélaga, sem venjulegast hafa verið mjög lítill liður

*Innlend og erlend lán 1974 og 1973, flokkuð  
eftir endanlegum notendum*  
(Nettóhreyfingar í m. kr.)

		<i>Lántakendur:</i>					
		Ríkissj. og ríkisst.	Sveitar- félög	Atvinnu- vegir <sup>1)</sup>	Íbúða- eigendur	Aðrir einka- aðilar	Samtals
<i>Lánveitendur:<sup>2)</sup></i>		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
<i>1974</i>							
I	Innlend lán, alls <sup>3)</sup> . . . .	5.042	1.168	18.012	5.203	617	30.042
	2. Viðskiptabankar . . .	248	1.000	14.110	447	549	16.354
	3. Sparisjóðir . . . . .	÷5	58	407	388	63	811
	4. Innlánsd. kaupfélaga	-	-	239	-	-	239
	5. Bankakerfið (1+2+3+4) . . . . .	4.155	1.060	14.682	835	612	21.344
	6. Fjárfestingarlánasj. .	20	95	3.215	2.248	-	5.578
	7. Lífeyrissjóðir <sup>4)</sup> . . . .	-	5	100	2.120	-	2.225
	8. Atvinnuleysistrsj. <sup>4)</sup>	÷13	8	15	-	5	15
	9. Einkaaðilar . . . . .	880	-	-	-	-	880
II	Erlend lán <sup>3)</sup> . . . . .	961	1.175	2.387	-	-	4.523
	1. Lán til langs tíma . .	961	1.175	4.237	-	-	6.373
	2. Lán til skamms tíma .	-	-	÷1.850	-	-	÷1.850
III	Innl. og erl. lán, alls . .	6.003	2.343	20.399	5.203	617	34.565
 <i>1973</i>							
I	Innlend lán, alls <sup>3)</sup> . . . .	1.928	330	9.499	3.609	724	16.090
	1. Seðlabankinn . . . . .	1.206	÷1	÷9	-	-	1.196
	2. Viðskiptabankar . . .	34	158	5.883	571	610	7.256
	3. Sparisjóðir . . . . .	37	25	318	143	114	637
	4. Innlánsd. kaupfélaga	-	-	165	-	-	165
	5. Bankakerfið (1+2+3+4) . . . . .	1.277	182	6.357	714	724	9.254
	6. Fjárfestingarlánasj.	÷53	124	2.991	1.333	-	4.395
	7. Lífeyrissjóðir <sup>4)</sup> . . . .	26	4	76	1.562	-	1.668
	8. Atvinnuleysistrsj. <sup>4)</sup>	13	20	75	-	-	108
	9. Einkaaðilar . . . . .	665	-	-	-	-	665
	a) Spari- og happ- drættisbréf . . . . .	665	-	-	-	-	665
	b) Skyldusparnaður	-	-	-	-	-	-
II	Erlend lán <sup>3)</sup> . . . . .	156	135	÷216	-	-	75
	1. Lán til langs tíma . .	156	135	1.111	-	-	1.402
	2. Lán til skamms tíma .	-	-	÷1.327	-	-	÷1.327
III	Innl. og erl. lán, alls . .	2.084	465	9.283	3.609	724	16.165

- 1) Að meðtöldum ríkisfyrirtækjum.
- 2) Innbyrðis lán lánveitenda eru ekki talin með.
- 3) Endurlánað erlent lánsfé banka og sjóða er tekið með þeirra útlánnum, og erlend lán eru leiðrétt tilsvarendi.
- 4) Að nokkru áætlað.



í heildarmyndinni, stórkjóst 1974, í 1.168 m. kr. úr 330 m. kr. 1973. Stafaði þetta fyrst og fremst af miklum greiðsluerfiðleikum sveitarfélaga, er að hluta voru leystir með lántökum hjá bankakerfinu og erlendis. Lán til einkaaðila minnkuðu nokkuð frá 1973 til 1974.

Í heild ber myndin af innlenda lánamarkaðinum með sér, að lánsfjáreftirspurn hefur stóraukizt á árinu, en frá því er nánar greint í kaflanum um peningamál hér að framan. Í þessari samandregnu mynd af lánsfjármarkaðinum kemur fram, að bankakerfið hefur átt aðalþáttinn í að mæta þessari auknu eftirspurn, bæði frá ríkinu og atvinnuvegunum, en lánageta fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða hefur ekki reynt nærri því eins teygjanleg.

Tafla sú, er fylgir þessum kafla, sýnir erlendar lántökur, sem lántakendur hafa tekið milliliðalaust til eigin nota. Erlendar lántökur eftir þessari leið jukust úr 75 m. kr. 1973 í 4.523 m. kr.



#### Erlend lán 1973 og 1974

Lántakendur:

	1973			1974		
	Innk. lán	Afb.	Nettó	Innk. lán	Afb.	Nettó
<i>Opinberir aðilar</i> .....	2.613	606	2.007	5.740	1.230	4.510
Ríkissjóður, alls .....	1.808	360	1.448	2.430	640	1.790
þ. a. ríkissjóður sjálfur .....	400	244	156	1.250	289	961
„ „ til ríkisfyrirtækja .....	—	53	÷53	—	230	÷230
„ „ „ bæjar- og sveitarfél. ....	—	13	÷13	—	15	÷15
„ „ „ fjárfestingarlánasj. ....	802	—	802	827	20	807
„ „ „ atvinnuvega .....	606	50	556	353	86	267
Ríkisfyrirtæki, alls .....	623	212	411	1.940	410	1.530
Bæjar- og sveitarfélög .....	182	34	148	1.370	180	1.190
<i>Lánastofnanir</i> .....	1.743	382	1.361	2.570	750	1.820
Séðlabanki .....	—	49	÷49	965	125	840
Viðskiptabankar .....	1.026	132	894	1.300	390	910
Fjárfestingarlánasj. ....	717	201	516	305	235	70
þ. a. Fiskveiðisjóður .....	717	—	717	—	—	—
<i>Einkaaðilar</i> .....	1.264	962	302	4.070	1.400	2.670
Fiskiskip .....	301	248	53	1.940	365	1.575
Fiskiðnaður .....	18	17	1	52	25	27
Skip, önnur en fiskiskip ...	269	183	86	1.440	300	1.140
Flugvélar .....	27	372	÷345	97	400	÷303
Annað .....	649	142	507	541	310	231
Erlend lán alls .....	5.620	1.950	3.670	12.380	3.380	9.000

**Erlend lán**

1974. Erlendar lántökur með milligöngu lánastofnana voru hins vegar mun stærri hluti af heildarmyndinni, en frá þeim er nánar greint í kaflanum um greiðslujöfnuð. Svo sem áður er getið, eru innlend endurlán þessa fjár talin með innlendum lán-um í þessum kafla. Sé mynd erlendra lántaka, með og án milli-liða, skoðuð í heild sinni, hafa erlendar lántökur til lengri tíma en árs aukizt úr 3.670 m. kr. 1973 í 9.000 m. kr. 1974. Meðfylgjandi tafla greinir í einstökum liðum frá heildarmynd langra lánahreyfinga gagnvart útlöndum. Útistandandi erlendar skuldir til skemmri tíma en árs minnkuðu um 1.327 m. kr. 1973 og enn um 1.850 m. kr. 1974.

**Vergur sparnaður**

Árið 1974 minnkaði vergur sparnaður í hlutfalli af þjóðarframleiðslu (sjá 2. töflu í töflusafni hér aftan við) úr 27,9% 1973 í 23,3% 1974. Nam vergur sparnaður samtals 30.950 m. kr. 1974 borið saman við 25.806 m. kr. 1973. Fjármögnun innlendrar fjárfestingar með erlendu fjármagni jókst hins vegar til muna frá fyrra ári eða úr 2,8% af vergri þjóðarframleiðslu 1973 í 11,6% 1974. Hefur þetta hlutfall sjaldan verið svo hátt.


## GENGISMÁL

Fyrirkomulag gengismála á alþjóðavettvangi á árinu var með sama hætti í aðalatriðum og þróast hafði árið á undan, eftir að fastgengiskerfið leið undir lok, en það hafði verið við lýði frá stríðslokum.

Ríkjandi ástand er í stuttu máli þannig, að gengi gjaldmiðla helztu iðnaðarríkja er fljótandi og hefur sveiflást verulega innbyrðis, aðallega fyrir áhrif markaðsafla, þótt stjórnvöld hafi a. m. k. öðru hverju gripið inn í markaðsþróunina. Gildir þetta um Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalíu, Japan og Kanada. Nokkur iðnaðarríki í Evrópu hafa þó samflot með takmörkuðum gengissveiflum innbyrðis. Eru það Þýskaland, Holland, Belgía, Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Ýmis önnur lönd hafa stefnt að því að halda stöðugu meðalgengi gagnvart helztu viðskiptalöndum sínum. Enn önnur lönd hafa haldið föstu gengi gagnvart helzta viðskiptagjaldmiðli sínum, svo sem bandaríkjadollar, sterlingspundi eða frönskum franka. Loks er nokkur hópur landa, þar sem verðbólga er örari en í viðskiptalöndum þeirra, og hefur gengisskráning gagnvart helzta viðskiptagjaldmiðli þeirra verið sveigjanleg eftir aðstæðum.

Gengissveiflur voru allmiklar á alþjóðamarkaði á árinu. Einkum voru þar áberandi sveiflur milli bandaríkjadollars annars vegar og gjaldmiðla Evrópuríkja hins vegar. Var gengi dollars mjög sterkt í byrjun ársins, einkum vegna hárra vaxta í Bandaríkjunum og vegna þess, að talið var, að afleiðingar af hækkun olíuverðs yrðu léttbærari fyrir Bandaríkin en flest önnur iðnaðarríki. Gengi dollars fór síðan lækkandi fram í maímánuð, en rétti nokkuð við yfir sumarið fram í september. Síðan í september hefur gengi dollars farið hríðlækkandi, og kemur þar vafalaust til vaxandi efnahagssamdráttur, óhagstæður greiðslu-jöfnuður og ört lækkandi vextir innan lands. Af öðrum gengisbreytingum er mest áberandi mikil hækkun á svissneskum franka og mikil lækkun á japönsku yeni og sérstaklega ítalskri líru, en

## Gengisþróun krónunnar



hækkun olíuverðs hefur komið mjög þungt niður á síðastnefndu löndunum.

Gengi íslenskrar krónu breyttist mjög á árinu. Stafaði það bæði af gengissveiflum erlendis og öðrum ástæðum, einkum innlendum kostnaðarhækkunum og verðlækkunum á útflutningsafurðum. Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingum á gengi krónunnar á árinu, en eins og kunnugt er ákveður Seðlabankinn markaðsgengi gagnvart bandaríkjadollar innan marka, sem ríkisstjórnin setur. Hefur sú skipan verið síðan í júní 1973.

Frá ársbyrjun til ársloka lækkaði gengi íslenskrar krónu gagnvart helztu viðskiptagjaldmiðlum að meðaltali um 33,2%, en það svarar til 49,8% hækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á sama tímabili. Er hér um að ræða breytingar á gengisskráningu frá árslokum 1973 til ársloka 1974, vegnar með hlutdeild viðskiptalandanna í inn- og útflutningi. Á árinu 1973 hækkaði gengi krónunnar, reiknað á sama hátt, um 10,3%, og meðalverð erlends gjaldeyris lækkaði um 9,3%, enda var þróun útflutningstekna og greiðslujafnaðar þá mjög hagstæð. Gagnvart bandaríkjadollar var lækkun gengisins á árinu 1974 nokkru minni eða 29,3%, en það stafar af því, að gengi bandaríkjadollars lækkaði gagnvart Evrópugjaldmiðlum á árinu, eins og fyrr segir. Jafnframt varð gengislækkun krónunnar á árinu nokkru meiri gagnvart þeim eða 30,3% gagnvart sterlingspundi, 37,0% gagnvart þýzku marki og 36,7% gagnvart danskri krónu.

Þróun gengisins var mjög mismunandi innan ársins eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir meðalverð erlends gjaldeyris í lok hverrar viku. Annars vegar átti sér stað gengisskrið, þ. e. a. s. tiltölulega litlar breytingar gagnvart dollar, sem fléttuðust saman við gengissveiflur hans, og hins vegar voru tvær stærri breytingar.

### Breyting í maí

Á fyrri hluta ársins fram til 16. maí lækkaði meðalgengi tiltölulega ört eða samtals um 10,8%. Breytingin gagnvart dollar var þó allmiklu minni eða 3,4%, enda var gengi hans fallandi á þessu tímabili. Orsök þessa gengisskriðs var, auk lækkunar dollars, fyrst og fremst sú, að afkoma ýmissa greina sjávarútvegs og útflutningsiðnaðar fór versnandi, bæði vegna hækkandi tilkostnaðar og verðbreytinga erlendis.

Um miðjan maí hafði þetta gengisskrið og umtal á opinberum vettvangi um áframhald þess skapað óvissu um gengi krónunnar, enda voru aðstæður í stjórnámálum einnig mjög óvissar um þær mundir. Var því talið heppilegt að láta gengið breytast í einum áfanga hinn 17. maí 1974 um sem næst 4%, sem talið var eðlilegt við þáverandi aðstæður með tilliti til hagsmuna útflutningsframleiðslunnar. Var jafnframt að því stefnt að halda meðalgengi krónunnar nokkurn veginn stöðugu á næstunni að öllu óbreyttu.

Meðalgengi krónunnar var eftir það haldið tiltölulega stöðugu fram undir haust. Á tímabilinu 17. maí til 21. ágúst lækkaði meðalgengið þannig um 2,7%. Lækkunin gagnvart dollar var nokkru meiri eða 5,5%, enda styrktist gengi hans nokkuð á þessu tímabili. Hins vegar varð sáralítill lækkun á gengi gagnvart Evrópugjaldmiðlum, og reyndar hækkaði gengi krónunnar lítilháttar gagnvart marki og yeni. Þetta var jafnframt tímabil mikilla stjórnámálalegra sviptinga. Fram fóru tvennar kosningar, og langvarandi tilraunir til stjórnarmyndunar áttu sér síðan stað.

Afkoma útflutningsatvinnuveganna hélt áfram að versna um sumarið, bæði vegna kostnaðarhækkana innan lands og óhagstæðrar þróunar á ýmsum útflutningsmörkuðum. Síðla sumars var fyrirsjáanlegt, að veigamiklar greinar útflutningsframleiðslunnar yrðu að draga saman starfsemi sína eða stöðva hana að mestu leyti, ef ekkert yrði að gert. Upp úr miðjum ágústmánuði, þegar hillti loks undir stjórnarmyndun, skapaðist slíkt óvissuástand í efnahags- og gengismálum, að ekki var talið, að skipuleg gjaldeyrisviðskipti gætu lengur farið fram. Var því gengisskráning felld niður 21. ágúst 1974, og stóð það ástand í hálfu aðra viku.

### Breyting í september

Í kjölfar stjórnarmyndunar var gengisskráning síðan tekin upp að nýju hinn 2. september 1974. Var markaðsgengi krónunnar þá ákveðið sem næst 17% lægra en það var, áður en gengisskráningu var hætt 21. ágúst. Var gengisbreytingin sérstaklega við það miðuð, að hún gæti með viðeigandi hliðarráðstöfunum tryggt sæmilega afkomu útflutningsatvinnuveganna við þáverandi verðlag og markaðsaðstæður. Var þá m. a. ekki gert ráð fyrir, að um yrði að ræða áframhaldandi víxlhækkunar kaup-

gjalds og verðlags, og við það miðað, að takast mundi að hægja verulega á eftirspurnaraukningunni m. a. með viðeigandi ráðstöfunum í fjármálum og peningamálum og með því að jafna halla á ýmsum sviðum opinbers rekstrar. Jafnframt var að því stefnt, að hægt væri að halda meðalgengi íslensku krónunnar næstu mánuði sem stöðugustu að óbreyttum aðstæðum.

Frá því að gengi krónunnar var breytt í byrjun september og fram um áramót fór verðlag ýmissa mikilvægra útflutningsafurða enn lækkandi, einkum á Bandaríkjamarkaði, og einnig gekk sala þeirra treglega. Á þessu tímabili fór gengi dollars lækkandi á alþjóðamarkaði. Var fram til nóvemberloka reynt að hamla gegn þeirri gengislækkun krónunnar, sem af því leiddi, með því að hækka gengi hennar nokkuð gagnvart dollar. Þrátt fyrir þetta lækkaði meðalgengi krónunnar frá byrjun september til nóvemberloka um 1,9%. Í desember var aftur tekið upp gengisskrið gagnvart dollar, enda var þá ljósara, hvert stefndi um afkomu þjóðarbúsins. Í árslok var dollargengi krónunnar orðið hið sama og ákveðið var 2. september sl. Gagnvart flestum öðrum gjaldmiðlum lækkaði krónan hins vegar verulega, þannig að lækkun meðalgengis hennar nam um 4,9% á síðustu fjórum mánuðum ársins.

## ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenzkra stjórnvalda greiðsluviðskipti Íslands bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA). Á árinu 1974 var aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz fram til 16. ágúst, en Jón Sigurðsson, forstjóri þjóðhagsstofnunar, eftir það. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Lúðvík Jósepsson fram til 3. september, en Ólafur Jóhannesson eftir það, og varafulltrúi Halldór E. Sigurðsson fram til 3. september, en Matthías Mathiesen eftir það. Aðalfundir þessara stofnana voru haldnir sameiginlega í Washington um haustið, og sóttu þá allir íslenzku fulltrúarnir. Sameiginlegir fulltrúar Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru Per Åsbrink frá Svíþjóð aðalfulltrúi og Sven Lampe frá Svíþjóð varafulltrúi til 31. janúar, en Knut Andreassen frá Norgei eftir það. Í bankastjórn Alþjóðabankans var aðalfulltrúi Hans E. Kastoft frá Danmörku til 31. marz og síðan Poul H. Kryger frá Danmörku til 31. október, en Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri eftir það. Varafulltrúi allt árið var Annikki Saarela frá Finnlandi.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Stórhækkun olíuverðs, sem átti sér stað rétt fyrir árslokin 1973, og vaxandi verðbólga réðu mestu um þróun alþjóðlegra peningamála á árinu 1974, en í kjölfarið fylgdu miklar breytingar á alþjóðaviðskiptum, gengissveiflur og fjármagnstílfærslur milli landa. Þessi þróun, sem fyrirsjáanleg var þegar í upphafi ársins, leiddi til þess, að ráðherranefnd sú, sem sett var á laggirnar á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins haustið 1972 til þess að endurskoða alþjóðagjaldeyriskerfið frá grunni, breytti um áherzlu í starfi sínu. Ákveðið var á fundi, sem haldinn var í Róm í janúarmánuði, að gera þegar í stað bráðabirgðarárástafanir, einkum til þess að koma starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins af stað

á ný, en hún hafði að mestu legið niðri um hríð. Nefndin skilaði síðan lokaskýrslu í júní. Skiptist hún í tvo meginkafla. Annar þeirra fjallaði um megindrætti í framtíðarskipan alþjóðagjaldeyrismála, en hinn um vissar bráðabirgðaaðgerðir, sem lagt var til að gripið yrði til þegar í stað. Fulltrúi Norðurlanda í ráðherranefndinni var Kjell-Olof Feldt frá Svíþjóð, en á fundum hennar og undirnefndar voru fulltrúar frá öllum Norðurlöndum. Í sama mánuði voru tillögur nefndarinnar um bráðabirgðaaðgerðir samþykktar í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Helztu breytingarnar voru þessar: Í fyrsta lagi var komið á fót 20 manna bráðabirgðastjórnarnefnd innan sjóðráðs Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem fylgjast á með þróun alþjóðagjaldeyrismála og gefa ráð þar að lútandi. Nefnd þessari er ætlað að koma saman nokkrum sinnum á ári, en sjóðráðið kemur aðeins saman einu sinni á ári. Aðalfulltrúi Norðurlanda í nefndinni er Per Kleppe frá Noregi, en á fundum hennar eru fulltrúar frá öllum Norðurlöndum. Í öðru lagi voru settar reglur um framkvæmd sveigjanlegrar gengisskráningar og fljótandi gengis, sem komið hefur í vaxandi mæli í stað fastgengiskerfis þess, sem ákveðið er í stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í þriðja lagi var ákveðið, að reikningseining í viðskiptum sjóðsins yrði sérstök dráttarréttindi – SDR – með ákveðinni samsetningu þjóðmynta sem mælikvarða í stað gulls. Með þeirri breytingu var hægt að endurvekja starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem hafði verið að miklu leyti lömuð um hríð vegna óvissu um opinbert gullverð. Í fjórða lagi var komið á fót sérstökum olíulánasjóði á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að gera löndum kleift að mæta hækkandi kostnaði vegna innfluttrar olíu án þess að grípa til innflutnings- eða gjaldeyrishafta né annarra skaðlegra aðgerða. Ísland tók á árinu tvö gjaldeyrislán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í ágúst mánuði var jafnvirði gullframlags Íslands að fjárhæð 5,75 m. SDR tekið að láni, og í desember var tekið lán úr olíulánasjóði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að fjárhæð 15,5 m. SDR. Olíulánið er til allt að 7 ára með um 7% vöxtum.

**Alþjóðabankinn og  
systurstofnanir hans**

Á því fjárhagsári Alþjóðabankans, sem lauk 30. júní 1974, námu útlán bankans 3.218 m. dollara, útlán Alþjóðapróunarstofnunarinnar 1.095 m. dollara og Alþjóðafjármálastofnunarinnar 203 m. dollara.

Útistandandi skuld Íslands við Alþjóðabankann nam 30,7 m. dollara í árslok 1974. Framkvæmdir standa nú yfir fyrir tvö lán frá bankanum, þ. e. a. s. 7 m. dollara lán til hafnargerða á Suðurlandi og 10 m. dollara lán til Sigölduvirkjunar. Gert er ráð fyrir, að þetta séu síðustu lán Alþjóðabankans til Íslands



og að Ísland verði í framtíðinni fremur veitandi en þiggjandi á þessu sviði.

Framlag Íslands til Alþjóðaðróunarstofnunarinnar nemur 113 m. kr. á yfirstandandi þriggja ára fjárhagstímabili.

**Norræn samvinna**

Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náð samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fund, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1974 var seðlabankafundurinn haldinn í Svíþjóð. Seðlabankinn hefur auk þess tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu. Hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni, einkum á sviði alþjóðafjármála. Nefndin starfaði mikið á árinu, aðallega til undirbúnings alþjóðlegra funda um endurskoðun alþjóðagjaldeyriskerfisins.

**Gengistrygging  
sterlingspunda-  
innstæðu Íslands**

Undanfarin ár hefur verið veitt gengistrygging á sterlingspunda-innstæður seðlabanka á svokölluðu sterlingssvæði, gegn því að gjaldeyrisforði þeirra sé að ákveðnu lágmarki í pundum. Ísland er eitt þessara landa og hefur notið gengistryggingarinnar. Samningur þessi rann út í árslok.

**Viðskiptasamningar**

Viðskipti Íslands og Sovétríkjanna byggjast enn á viðskipta- og greiðslusamningi frá 1. ágúst 1953. Er þar gert ráð fyrir jafnkeypisgrundvelli og byggt á einum viðskiptareikningi á nafni Seðlabanka Íslands við Bank for Foreign Trade í Moskvu. Fjárhæðir á reikningnum eru ekki yfirfærðar til þriðja lands nema með gagnkvæmu samkomulagi hverju sinni. Vegna mikilla verðhækkana á olíu og nokkurs samdráttar í sölu afurða frá Íslandi til Sovétríkjanna hafði myndazt veruleg skuld Íslands á þessum reikningi, er líða fór á árið 1974. Var efnt til sérstakra viðræðna í Moskvu í októbermánuði sl. með aðild frá ríkisstjórninni og Seðlabankanum. Leiddu þær til fulls samkomulags Seðlabankans og Bank for Foreign Trade um meðferð reikningsins og uppgjör á þeim halla, er myndazt hafði í viðskiptunum fram til enda árs 1974.

## UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

### Ríkisábyrgðasjóður

Seðlabankinn annast rekstur Ríkisábyrgðasjóðs, Hafnabótasjóðs og Orkusjóðs samkvæmt samningi við Fjármálaráðuneytið og ákvæðum í hafna- og orkulögum.

Nýjar ríkisábyrgðir voru með meira móti á sl. ári, sem m. a. stafaði af því, að gengið var þá frá miklum fjölda ábyrgða vegna togarakaupa. Alls var gengið frá ábyrgðum vegna 30 skuttogara. Mörg skipa þessara komu að vísu árið áður, en af ýmsum ástæðum dróst frágangur ábyrgða þar til á sl. ári. Alls eru þeir skuttogarar nú orðnir 44, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt lán til kaupa á, og enn eru nokkrir ókomnir. Heildarupphæð og fjöldi ríkisábyrgða, sem gengið var frá á árinu, voru eins og sést á yfirlitinu hér á eftir, og til samanburðar eru tölur frá árinu áður. Rétt er að taka fram, að flest lán til hafnargerða, sem ríkisábyrgð er veitt á, eru úr Hafnabótasjóði, en lánveitingar hans voru nær engar á árinu, eins og kemur fram hér á eftir:

	1973		1974	
	Fjöldi	M. kr.	Fjöldi	M. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir .....	21	53	2	16
Vatnsveitur .....	13	23	7	12
Hitaveitur .....	—	—	—	—
Fiskiðnaður .....	7	14	6	14
Iðnaður .....	3	45	5	96
Raforkumál og virkjanir .....	4	546	5	1.367
Samgöngur .....	1	435	—	—
Togarakaup .....	7	114	30	1.792
Byggingarsamvinnufélög .....	1.103	373	642	297
Annað .....	3	37	10	59
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	1.162	1.640	707	3.653

Greiðsluerfiðleikar fiskiðnaðarins á sl. ári komu að nokkru fram í söfnun vanskilaskulda við Ríkisábyrgðasjóð. Að vísu gætur þessa mun minna nú en áður, þar eð sjálfskuldarábyrgðir á lán-um eru nánast úr sögunni. Hins vegar gætur því meira greiðslu-

erfiðleika útgerðarinnar, en lán vegna togarakaupa eru öll með sjálfskuldarábyrgð, og féllu á Ríkisábyrgðasjóð verulegar greiðslur vegna togaralána. Greiðsluörðugleikar sveitarfélaga koma lítt fram í vanskilamyndun við Ríkisábyrgðasjóð, þar eð greiðslur úr Jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga hafa að verulegu leyti nægt til endurgreiðslu skulda, sem myndast hafa. Á eftirfarandi yfirliti má sjá, hvernig greiðslur vegna vanskila við Ríkisábyrgðasjóð hafa verið undanfarin ár:

<i>M. kr.</i>	1970	1971	1972	1973	1974
Innleystar kröfur .....	255	200	177	277	318
Endurgreiðslur skuldara .....	263	107	133	243	243
	÷8	93	44	34	75

Í tengslum við Ríkisábyrgðasjóð er Tryggingardeild útflutningslána. Henni er ætlað að tryggja lán, sem bankar og aðrar lánastofnanir veita til fjármögnunar útflutningslána. Starfsemi deildarinnar var lítil sem engin á sl. ári.

**Áætlun um fjáröflun til opinberra framkvæmda**

Á undanförunum árum hafa verið sett sérstök lög um framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir ríkissjóðs. Á sl. ári voru engin slík lög sett, en heimildir til ráðstöfunar fjár til framkvæmda og töku lána í því skyni voru í fjárlögum og einnig í lögum um lántökur ríkissjóðs og lögum nr. 92/1974, um heimild til töku

Ráðstöfun fjár samkvæmt upphaflegri áætlun um ríkisframkvæmdir .....		2.230	
Ráðstöfun fjár til annars:			
Framkvæmdasjóður .....	800		
Landsvirkjun .....	478		
Vegasjóður .....	167	1.445	
Fjáröflun samkvæmt áætlun:			
Sala happdrættisskuldabréfa .....	480		
Sala spariskírteina .....	400		
Innheimtufé spariskírteinalána .....	700		
		1.580	
÷ Kostnaður við sölu happdrættisskuldabréfa vegna Djúpvegjar .....	3		
		1.577	
Erlent fé .....	2.017	3.594	
Uppgjör fjáröflunar samkvæmt fyrri áætlunum .....		119	
Breytt staða við Seðlabanka .....			38
			3.713
			3.713

**Lánaumsjá fyrir  
ríkissjóð**

erlends láns. Alls nam áætlunarfjárhæð vegna ríkisframkvæmda 2.252 m. kr., en greiðslur samkvæmt upphaflegri áætlun urðu 2.230 m. kr.

Á blaðsíðunni hér á undan er yfirlit yfir fjárframlög og lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða á árinu 1974 (í m. kr.).

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur, en Ríkisábyrgðasjóði er lögum samkvæmt ætlað að annast vörzlu lána þeirra, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af fé, sem hann tekur að láni í því skyni að endurlána það. Heildarfjárhæð slíkra lána í vörzlu Ríkisábyrgðasjóðs nam í árslok 1974 15.968 m. kr. og hækkaði á árinu um 6.159 m. kr. Hér á eftir verður getið lána, sem ríkissjóður tók á árinu, en heildarfjárhæð lána, sem afgreidd voru í nafni ríkissjóðs á árinu, nam 3.100 m. kr.

Í fjárlögum 1974 var ríkissjóði heimilað að gefa út spariskírteini, eins og gert hefur verið á undanförunum árum. Heimilað var að gefa út skírteini að fjárhæð 400 m. kr. auk skírteina í stað þeirra, sem innleyst kynnu að verða. Skírteinin voru seld í einum flokki, sem út var gefinn í júní og seldist allur. Alls nam útgáfa skírteina 438 m. kr. Meðalvextir þeirra skírteina, sem út voru gefin 1974, eru 5% p. a. og hámarkslánstími 15 ár, en skírteinin eru innleysanleg eftir 5 ár, frá og með 15. sept. 1979. Alls hafa þá verið gefin út skírteini að fjárhæð 2.220 m. kr. í 18 flokkum, og nema óinnleystar eftirstöðvar þeirra í árslok 1974 2.120 m. kr. Að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum nam verðmæti óinnleysta skírteina 6.792 m. kr. í lok ársins.

Gefnir voru út 3 flokkar happdrættisskuldabréfa, D-, E- og F-flokkar. D- og F-flokkar, samtals að fjárhæð 400 m. kr., voru gefnir út vegna framkvæmda á Skeiðarársandi samkvæmt heimild í fjárlögum 1974, en E-flokkur, 80 m. kr., vegna framkvæmda við Djúpveg samkvæmt heimild í sérstökum lögum. Bréf þessi, sem öll seldust, eru til 10 ára og bera ekki vexti, en árlega eru dregnir út vinningar, sem nema 9% af höfuðstóli bréfa í E-flokki og 10% af höfuðstóli bréfa í D- og F-flokkum. Alls hafa nú verið gefin út happdrættisskuldabréf að fjárhæð 810 m. kr. í 6 flokkum. Skuldabréf þessi eru vísitölutryggð, og miðast tryggingin við vísitölu framfærslukostnaðar.

Í desember tók ríkissjóður lán á erlendum verðbréfamarkaði að fjárhæð 12 m. Evrópureikningseininga eða jafnvirði um 1.860 m. kr. Lán þetta var tekið samkvæmt heimild í lögum nr. 92/1974. Andvirði lánsins var endurlánað Framkvæmdasjóði, Landsvirkjun og til opinberra framkvæmda, vegafframkvæmda og raforkumála. Vextir af láni þessu eru 10% og hámarkslánstími 20 ár, en

lánið er afborgunarlaust til ársins 1979. Ennfremur var tekið lán hjá Seðlabankanum að fjárhæð 1,1 m. dollara vegna áætlunar um opinberar framkvæmdir. Seðlabankinn hafði umsjón með töku þeirra lána, sem að framan greinir. Einnig sá hann um miðlun fjárins á sama hátt og verið hefur í sambandi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir ríkissjóðs undanfarin ár.

#### **Orkusjóður**

Starfsemi Orkusjóðs var með svipuðu sniði á árinu 1974 og verið hefur undanfarin ár. Sjóðnum voru alls ætlaðar 142 m. kr. til starfsemi sinnar á fjárlögum, og að auki voru tekjur af verðjöfnunargjaldi um 95 m. kr. Lántökur námu alls 831 m. kr. Til Rafmagnsveitna ríkisins voru samtals veitt lán að fjárhæð 781 m. kr., og lánveitingar til jarðhitaleitar og heimilisrafstöðva námu 12 m. kr. Óafturkræf framlög námu alls 153 m. kr. Eins og fyrr getur námu tekjur af verðjöfnunargjaldi, sem verið skal til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins eftir nánari ákvörðun orkumálaráðherra, 95 m. kr. Gjald þetta, sem innheimt hefur verið samkvæmt lögum nr. 17/1970, hefur árlega numið 70 m. kr. og verið jafnað niður á þá, sem selja raforku í heildsölu. Með lögum nr. 83/1974 var innheimtu gjalds þessa breytt. Gjaldið er nú innheimt hjá þeim, sem selja raforku í smásölu, og nemur 13% af smásöluverði raforku að frádregnum sölu-skatti. Miðað við raforkuverð 1. okt. 1974, þegar lögin tóku gildi, var áætlað, að gjald þetta næmi um 440 m. kr. á ári.

#### **Hafnabótasjóður**

Starfsemi Hafnabótasjóðs var heldur lítil á árinu 1974. Aðeins voru afgreidd 5 lán, sem ekki var hægt að afgreiða fyrir árslok 1973, samtals 7 m. kr. Alls var áætlað að lána úr sjóðnum 178 m. kr. Ekki var hins vegar gengið formlega frá samþykki til lánveitingar fyrr en eftir áramót, svo að lánin voru ekki afgreidd. Tekin voru 2 ný lán á árinu, 35 m. kr. hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði og 75 m. kr. hjá Framkvæmdasjóði. Fjárlagaframlag til sjóðsins nam 53 m. kr. á árinu. Hreinar vaxtatekjur sjóðsins námu 9 m. kr.

#### **Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins**

Starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á árinu 1974 bar mjög keim af þeim miklu efnahagslegu sviptingum, sem urðu á árinu, bæði að því er snerti efnahagsþróunina í landinu og einnig þróun verðlags á afurðum þeim, sem sjóðurinn tekur til. Á árinu 1973 höfðu átt sér stað nokkrar greiðslur í allar deildir sjóðsins, svo sem sýnt er hér á eftir. Hafði verðlag á sjávarafurðum verið hagstætt allt árið og gert meira en vega upp á móti verulegum kostnaðarhækkunum innanlands, sem leiddu til þess, að grundvallarverð til viðmiðunar varð að ákveða hærra en áður.

Árið 1974 sýndi hér allt aðra mynd. Verðhækkun á þýðingar-  
miklum afurðum, svo sem freðfiski og fiskmjöli, stöðvaðist, og  
þegar leið fram á árið, tók að gæta verulegra verðlækkana. Leiddi  
þetta til nokkurra greiðslna úr sjóðnum á loðnumjöl og frystan  
fisk. Aftur á móti var verðlagsþróunin áfram hagstæð á salt-  
fiski og lýsi, þannig að greitt var í sjóðinn af þessum afurðum.  
Endanlegt uppgjör fyrir framleiðslu ársins 1973 liggur fyrir,  
og sýnir eftirfarandi yfirlit innheimt fé eftir deildum:

	<i>Innheimt</i>
	<i>þús. kr.</i>
Frystar fiskafurðir .....	233.651
Saltfiskur .....	98.616
Loðnumjöl .....	322.491
Loðnulýsi .....	5.450

Uppgjöri fyrir framleiðslu ársins 1974 er enn ekki að fullu lokið,  
en gera má ráð fyrir, að innheimt fé og greiðslur úr sjóðnum eftir  
deildum geti numið þessum upphæðum:

	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>
	<i>m. kr.</i>	<i>m. kr.</i>
Frystar fiskafurðir .....	0	480
Saltfiskur .....	650	0
Loðnumjöl .....	0	215
Loðnulýsi .....	55	0

## REKSTUR BANKANS OG ÝMIS STARFSEMI

### Rekstur Seðlabankans

Rekstrarhagnaður Seðlabankans fyrir árið 1974 nam 51,1 m. kr. Til gjalda höfðu þá verið færðir 14% vextir af eigin sjóðum bankans, 91,0 m. kr., og 27% arður af stofnfé. Arðgreiðslan er lögð í arðsjóð, en helmingi tekna hans er árlega ráðstafað til starfsemi Vísindasjóðs. Þátttaka í kostnaði Framkvæmdastofnunar ríkisins og Þjóðhagsstofnunar nam 19,7 m. kr. á árinu og framlag til eftirlaunasjóðs starfsmanna 5,0 m. kr. Landsútsvar, launaskattar og gjöld af gjaldeyrisviðskiptum námu alls 37,9 m. kr. Ákveðnar voru afskriftir af bankabyggingum að upphæð 15 m. kr. og ráðstöfun tekjuafgangs í varasjóð 24,0 m. kr., í húsbýggingarsjóð 15,0 m. kr. og í arðjöfnunarsjóð 8,0 m. kr.

Í árslok var ákveðið að afskrifa mynt, sem áætluð var í umferð við yfirtöku Seðlabankans á myntútgáfunni frá ríkisféhirði 2. maí 1968, að upphæð 15,0 m. kr., og var andvirðið fært á varasjóð. Ennfremur var hagnaður af sölu erlendra verðbréfa að upphæð 7,0 m. kr. færður á varasjóð í lok ársins.

Miklar breytingar urðu á daglegri gengisskráningu bankans á árinu auk sérstakrar breytingar á markaðsgengi íslenzku krónunnar, sem tók gildi 1. september. Staða gengisbreytingareiknings bankans breyttist úr ÷ 89,6 m. kr. í ársbyrjun í 496,8 m. kr. í árslokin eða alls um 586,4 m. kr. Hækkun þessi átti einkum rætur að rekja til áður nefndrar breytingar á markaðsgengi, sem nam 99,8 m. kr., greiðslu af gengistryggingu sterlingspunda-innstæðna, 114,0 m. kr., og öðrum skráningarbreytingum ársins að upphæð 372,6 m. kr., og hafa þá verið dregnar frá greiðslur gengistryggingar til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að upphæð 327,2 m. kr.

Eigin sjóðir bankans hækkuðu á árinu 1974 um 164,1 m. kr. og námu 911,9 m. kr. í lok ársins. Arðsjóður nam í árslokin 88,3 m. kr., og hafði þá verið ráðstafað helmingi tekna hans að upphæð 18,4 m. kr. til Vísindasjóðs. Fé lagt til hliðar vegna eftirlaunasjóðs starfsmanna var á árinu lagt inn á sérstakan reikning í nafni eftirlaunasjóðsins og flokkast nú með liðnum „Aðrir aðilar“ í skuldum bankans.

## Þjóðhátíðarmynt

Í ársbyrjun tilkynnti Seðlabankinn um útgáfu þrenns konar myntar í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi. Undirbúningur að gerð þjóðhátíðarmyntarinnar hófst á árinu 1972 með hugmynda-samkeppni um útlit hennar, sem skyldi minna á landnámið. Urðu fjórar myndir Þrastar Magnússonar teiknara fyrir valinu og var útlit, gerð og verðgildi myntarinnar ákveðið eftirfarandi: 10.000 króna gullpeningur (900/1000), 27,75 mm að þvermáli og 15,5 grömm að þyngd. Á framhlið er mynd af Ingólfi Arnarsyni, er hann varpar öndvegissúlum sínum fyrir borð, og ártölin 874–1974. – 1.000 króna silfurpeningur (925/1000), 39 mm að þvermáli og 30 grömm að þyngd. Á framhlið eru tveir landnámsmenn við eld, sem sýnir, hvernig karlmenn námu land. Efst eru ártölin 874–1974. – 500 króna silfurpeningur (925/1000), 35 mm að þvermáli og 20 grömm að þyngd. Á framhlið sést kona leiða kvígu sér við hlið og er þar sýnt, hvernig konur námu land. Efst eru ártölin 874–1974. – Á bakhlið peninganna allra eru landvættirnar fjórar, naut, fugl, dreki og bergri. Þar fyrir ofan er skráð verðgildi peninganna í tölustöfum og bókstöfum, en fyrir neðan „ISLAND“. – Nokkur hluti myntarinnar er sérunnin slátta (proof coins) með mattri áferð mynda og leturs, en sléttir fletir eru gljáfægðir. Þessir peningar voru mun dýrari í framleiðslu en venjuleg slátta, enda seldir yfir nafnverði. Eru þeir í mjög vönduðum umbúðum, þar sem bæði allir þrír eru saman í leðuröskju og tveir silfurpeningar saman í öskju. Meirihluti hátíðarmyntarinnar var hins vegar sleginn eins og gerist um gjaldmiðil og seldur á nafnverði, en þessir peningar voru einnig fáanlegir í sérstökum umbúðum. Báðar þessar gerðir myntarinnar eru í gildi jafnt og hver önnur gjaldgeng íslensk mynt, sem í umferð er. – Hámarksupplag myntarinnar er eftirfarandi:

	<i>Sérunnin slátta: Venjuleg slátta:</i>	
10.000 kr. gullpeningur .....	8.000 stk.	12.000 stk.
1.000 kr. silfurpeningur .....	58.000 —	70.000 —
500 kr. silfurpeningur .....	58.000 —	70.000 —

Þjóðhátíðarmyntin var slegin hjá Royal Mint, London, sem einnig annast sölu og dreifingu hennar erlendis í umboði Seðlabankans. Sala myntarinnar hófst 4. apríl, og voru allar gerðir hennar uppseldar um miðjan ágúst nema sérunnir silfurpeningar. Þar sem nokkuð var eftir af þessari gerð myntarinnar í árslok, hefur endanlegt uppgjör hennar og ráðstöfun söluhagnaðar enn ekki farið fram.

Samkvæmt beiðni Þjóðhátíðarnefndar 1974 annaðist Seðlabankinn um gerð, sölu og dreifingu á minnispeningi, sem nefndin gaf út. Kristín Þorkelsdóttir teiknaði peninginn, sem framleiddur



**Minnispeningur  
þjóðhátíðarnefndar**

var af finnska fyrirtækinu Kultateollisuus ky í Turku. Á framhlið peningsins, sem er 70 mm að þvermáli, hátt upphleyptur og þykkur, er ártalið 1100 og fyrir ofan það flötur með stílfærðum logum – landnámseldinum. Fyrir neðan ártalið er áletrun með stórum upphafsstöfum: 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974. – Á bakhlið eru landvættirnar fjórar. – Framleiddar voru 2.000 samstæður úr silfri og brónsi og 11.000 stakir brónspeningar. Sala hófst 18. júlí, og seldust samstæðurnar upp á nokkrum vikum, en brónspeningarnir í lok september.

**Seðlar og mynt í  
umferð**

Í lok ársins voru seðlar og mynt í umferð 3.677,5 m. kr. og höfðu aukizt um 28,7% á árinu, en árið áður var aukningin 25,6%. – Í 14. töflu í töflusafninu er sýnt mánaðarlegt yfirlit yfir veltu seðla og myntar árin 1973 og 1974. Í 15. töflu er sýnd skipting seðlamagnsins á seðlastærðir, en 16. tafla sýnir skiptingu myntar á myntstærðir, sem allar voru slegnar með ártalinu 1974.

**Niðurfelling  
smámyntar**

Í ársbyrjun 1969 var felld niður slátta á koparpeningum og lögfest, að fjárhæð hvernar kröfu eða reiknings skyldi greind með heilum tug aura. Nú hefur verið ákveðið að stíga næsta skref í þessu efni og hefur viðskiptaráðuneytið staðfest með reglugerð, að frá og með 1. janúar 1975 skuli fjárhæð sérhvernar kröfu eða reiknings greind og greidd með heilli krónu, þannig að lægri fjárhæð en fimmtíu aurum skuli sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu. Jafnframt verður sláttu 10 og 50 aura peninga hætt, og voru þeir innkallaðir með auglýsingu í árslok ásamt nokkrum úreltum myntstærðum og krónuseðlum. Hinir innkölluðu peningar eru lögmaður gjaldmiðill til ársloka 1975, en Seðlabankanum er þó skylt að innleysa þá eigi skemur en í næstu 12 mánuði þar á eftir.

**Starfsemi  
bankaefirlitsins**

Á árinu 1974 framkvæmdi bankaefirlitið heildarkönnun hjá einum viðskiptabanka auk sérstakrar könnunar hjá sex bankaútibúum. Á árinu voru gerðar kannanir hjá 40 sparisjóðum, tvisvar hjá þremur.

Fjöldi viðskiptabanka, sparisjóða og afgreiðslustaða þessara stofnana var sem hér segir í árslok 1973 og 1974:

	<i>Árslok 1973</i>	<i>Árslok 1974</i>
Viðskiptabankar .....	7	7
Bankaútibú .....	58	60
Umboðsskrifstofur banka .....	13	14
Sparisjóðir .....	47	46
Umboðsskrifstofur sparisjóða .....	1	1
	<hr/>	
Afgreiðslustaðir alls	126	128

Breytingar á fjölda framangreindra stofnana og afgreiðslustaða á árinu 1974 urðu þær, að Landsbanki Íslands opnaði útibú á Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði og yfirtók jafnframt Sparisjóð Fáskrúðsfjarðar, ennfremur opnaði Landsbankinn umboðsskrifstofu að Reykholti í Biskupstungum.

Bankaeftirlitið annast um framkvæmd á reglum um innlánsbindingu innlánsstofnana, söfnun og úrvinnslu reglulegra skýrslna um efnahag og rekstur þessara stofnana, þar með talin skipulagsmál margs konar. Í æ ríkari mæli hefur bankaeftirlitið sinnt ýmsum störfum, sem varða endurskoðun löggjafar og opinberra reglna um innlánsstofnanir landsins.

Eftirlit bankaeftirlitsins með innlánsstofnunum, sem framkvæmt er í hinum nokkuð árvissu könnunarferðum til sparisjóðanna, en nokkru strjálle til banka og bankaútibúa, hefur lengi verið þannig skipulagt, að aðaláherzlan hefur verið lögð á að fá sem öruggasta niðurstöðu um eiginfjárstöðu stofnananna hverju sinni. Stærsti þáttur þess starfs er ítarleg könnun og mat á útlánum stofnananna. Af öðrum atriðum, sem eftirlitið beinist að, má nefna almennt starfsskipulag og innra eftirlit hjá stofnununum, störf stjórnar og endurskoðenda og framkvæmd ýmissa opinberra reglna, sem stofnanirnar varða, svo sem vaxtareglna, sem settar eru af Seðlabankanum.

#### **Hagtölur mánaðarins**

Í febrúar hófst útgáfa nýs rits um efnahagsmál, *Hagtölur mánaðarins*, sem kemur út 12 sinnum á ári á vegum hagfræðideildar Seðlabankans. Í *Hagtölum mánaðarins* birtast töflur og línurit með nýjustu upplýsingum um peningamál, lánastofnanir, greiðslujöfnuð, utanríkisviðskipti, gengisskráningu, ríkisfjármál, framleiðslu, fjárfestingu, tekjur, verðlag og atvinnu. Jafnframt flytur ritið stuttar yfirlitsgreinar og fréttapætti.

## STJÓRN BANKANS OG STARFSLIÐ

### Stjórn bankans

Engin breyting varð á skipan bankaráðsins, en formaður þess er Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður. Bankaráðið hélt 24 fundi á árinu. Bankaráðið var kjörið á Alþingi í árslok 1972. Er kjörtími þess fjögur ár frá ársbyrjun 1973.

Bankastjórnina skipa þrír menn, Jóhannes Nordal, sem er formaður bankastjórnarinnar, Davíð Ólafsson og Guðmundur Hjartarson.

### Starfsmenn bankans

Nokkur fjölgun varð í starfslíði bankans á árinu. Stafar hún m. a. af auknum störfum fyrir ýmsa opinbera sjóði og sérstaklega Viðlagasjóð.

Fer hér á eftir yfirlit, er sýnir starfræna skiptingu í starfslíði bankans í lok áráanna 1973 og 1974:

	1973	1974
Við seðla, mynt og ávísanaskipti .....	24	30
— hagfræðideild og bankaefirlit .....	21	22
— Ríkisábyrgðasjóð o. fl. sjóði .....	10	12
— gjaldeyriseftirlit .....	13	15
— önnur bankastörf .....	29	30
— þjónustustörf .....	13	15
	<hr/>	<hr/>
	110	124

Nítján manns vinna hluta úr degi eða eru í sameiginlegum verkendum fyrir Seðlabanka og Landsbanka. Þannig má telja, að tala heilsdagsstarfsmanna í árslok 1974 hafi verið 114 starfsmenn, en sambærileg tala í árslok 1973 var 102 starfsmenn.

Aukning í starfsmannahaldi er mest í almennum bankastörfum vegna mjög aukins álags við afgreiðslu seðla og myntar, við meðferð innlána, við sölu verðbréfa fyrir ríkissjóð, í ávísanaskiptum, vegna innheimtustarfa og aukinnar tékknotkunar, og í aðalbókhaldi og endurskoðun vegna starfa fyrir Viðlagasjóð.

Léleg húsnæðisaðstaða bankans hefur og nokkur áhrif til aukins starfsmannahalds vegna staðsetningar deilda í þremur húsum.

Hlutfall starfsmanna eftir kynjum hefur breytzt nokkuð síðastliðið ár:

	Konur	Karlar
Í árslok 1973 .....	45%	55%
Í árslok 1974 .....	48%	52%

**STJÓRN OG HELZTU STARFSMENN  
SEÐLABANKA ÍSLANDS  
31. desember 1974**

**Bankastjórn**

*Jóhannes Nordal, formaður  
Davið Ólafsson  
Guðmundur Hjartarson*

**Bankaráð**

*Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður, formaður  
Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður, varaformaður  
Birgir Kjaran, hagfræðingur  
Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri  
Sverrir Júlíusson, forstjóri*

**Varamenn**

*Jón Skaftason, alþingismaður  
Pétur Sæmundsen, bankastjóri  
Alfréð Gíslason, læknir  
Ólafur B. Thors, borgarfulltrúi  
Haukur Helgason, hagfræðingur*

## Helztu starfsmenn

*Aðstoðarbankastjórar: Björn Tryggvason,  
Sigurgeir Jónsson  
Hagfræðingur: Kristinn V. Hallgrímsson*

*Aðalskrifstofa: Sigurður Örn Einarsson, skrifstofustjóri  
Skúli Sigurgrímsson, fulltrúi  
Ágústa Johnson, fulltrúi*

*Garðar Ingvarsson, hagfræðingur,  
fulltrúi í lánamálum*

*Aðalbókhald: Jóhann T. Ingjaldsson, aðalbókari  
Sigmundur Andrésson, fulltrúi aðalbókara*

*Aðalfjárhirzla: Stefán Þórarinnsson, aðalféhirðir  
Sighvatur Jónasson, deildarstjóri afgreiðslu  
Jón H. Friðsteinsson, fulltrúi aðalféhirðis  
Torfi Ólafsson, deildarstjóri seðlagreiningar  
Bjarni Kjartansson, deildarstjóri ávisanaskipta*

*Bankaeftirlit: Sveinn Jónsson, forstöðumaður  
Stefán M. Gunnarsson, deildarstjóri*

*Endurkaupadeild: Stefán B. Stefánsson, deildarstjóri*

*Endurskoðunardeild: Gunnlaugur Arnórsson, aðalendurskoðandi  
Pétur Urbancic, deildarstjóri*

*Ríkisábyrgðasjóður: Harald S. Andrésson, forstöðumaður*

*Gjaldeyriseftirlit: Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður  
Jón V. Halldórsson, deildarstjóri  
Ísólfur Sigurðsson, fulltrúi*

*Hagfræðideild: Ólafur Tómasson, forstöðumaður  
greiðsluafnaðardeildar  
Björn Matthíasson, deildarstjóri  
Eiður H. Einarsson, fulltrúi  
Eiríkur Guðnason, fulltrúi  
Sveinn E. Sigurðsson, fulltrúi*

*Lögfræðingar: Björn Ólafs  
Sveinbjörn Hafliðason  
Sigurður Thoroddsen*

*Útgáfustarfsemi: Valdimar Kristinsson, ritstjóri  
og bókasafn: Haraldur Hannesson, bóka- og skjalavörður*



**REIKNINGAR**  
**1974**

## Seðlabanki Íslands

<i>Eignir</i>	Krónur
<b>Erlendar eignir í frjálsum gjaldeyri:</b>	
a) Gull . . . . .	kr. 147.266.830
b) Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn . . . . .	— 906.715.272
c) Gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins . . . . .	— 834.241.452
d) Erlendir bankar o. fl. . . . .	— 1.751.838.599
e) Erlend verðbréf og ríkisvixlar . . . . .	— 2.939.255.956
	6 579 318 109
Krónuframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins . . . . .	2 502 724 358
<b>Innlánsstofnanir:</b>	
a) Önnleystir tékkar . . . . .	kr. 4.472.839
b) Reikningsskuldur . . . . .	— 95.051.086
c) Önnur stutt lán . . . . .	— 3.812.000.000
d) Verðbréf . . . . .	— 3.062.222.347
e) Endurkeyptir vixlar . . . . .	— 8.225.583.000
	15 199 329 272
<b>Fjárfestingarlánastofnanir:</b>	
a) Reikningsskuldur . . . . .	kr. 4.960.056
b) Verðbréf . . . . .	— 1.103.915.418
c) Endurlánað erlent lánsfé . . . . .	— 218.015.500
	1 326 890 974
<b>Ríkissjóður og ríkisstofnanir:</b>	
a) Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs . . . . .	kr. 2.968.817.927
b) Ríkisstofnanir . . . . .	— 1.913.204.906
c) Verðbréf . . . . .	— 1.030.695.475
d) Endurlánað erlent lánsfé . . . . .	— 530.585.292
	6 443 303 600
<b>Aðrir aðilar:</b>	
a) Ýmsir reikningar . . . . .	kr. 10.487.527
b) Verðbréf bæjar- og sveitarfélaga . . . . .	— 79.746.576
c) Önnur verðbréf . . . . .	— 81.652.077
	171 886 180
Bankabyggingar . . . . .	8 399 848
Ýmsir skuldunautar . . . . .	8 027 309
Ógreiddir vextir . . . . .	97 038 552
Peningar í sjóði . . . . .	4 521 458
	Kr. 32 341 439 660
Erlend ábyrgð utan efnahagsreiknings . . . . .	722 043 916



## Efnahagur 31. desember 1974

<i>Skuldir</i>	Krónur
Seðlar og mynt . . . . .	3 677 529 020
Innlánsstofnanir:	
a) Almennar innstæður . . . . . kr. 1.068.620.123	
b) Innstæður á uppsagnarreikningum . . . . . — 15.165.617	
c) Bundnar innstæður . . . . . — 8.578.623.934	9 662 409 674
Fjárfestingarlánastofnanir . . . . .	1 388 339 708
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	
a) Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs . . . . . kr. 41.641.300	
b) Ríkisstofnanir . . . . . — 1.049.193.059	1 090 834 359
Sjóðir í vörzlu opinberra aðila . . . . .	4 138 036 416
Aðrir aðilar . . . . .	440 060 784
Erlendar skuldir í frjálsum gjaldeyri til skamms tíma . . . . .	767 441 123
Vöruskiptareikningar . . . . .	1 179 295 504
Erlend lán til langs tíma . . . . .	1 435 237 888
Innstæður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins v/kvóta Íslands . . . . .	5 585 790 595
Mótvirði sérstakra dráttarréttinda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn . . . . .	1 076 389 102
Innstæður Alþjóðabanka og systurstofnana hans . . . . .	37 891 148
Ýmsir skuldheimtumenn . . . . .	100 178 089
Fyrirfram greiddir vextir . . . . .	265 011 268
Gengisbreytingareikningar . . . . .	496 793 450
Arðsjóður . . . . .	88 348 000
Stofnfé . . . . .	100 000 000
Varasjóður . . . . .	565 000 000
Húsbyggingarsjóður . . . . .	175 000 000
Arðjöfnunarsjóður . . . . .	65 000 000
Óráðstafaður tekjuafgangur:	
a) Frá fyrra ári . . . . . kr. 2.807.216	
b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1974 . . . . . — 51.060.238	
	kr. 53.867.454
Frá dregst:	
a) Lagt í varasjóð . . . . . kr. 24.013.922	
b) Lagt í húsbýggingarsjóð . . . . . — 15.000.000	
c) Lagt í arðjöfnunarsjóð . . . . . — 8.000.000	kr. 47.013.922
	6 853 532
	Kr. 32 341 439 660

Reykjavík, 7. febrúar 1975

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordal*

*Davíð Ólafsson*

*Guðmundur Hjartarson*

*Jóhann T. Ingjaldsson*

## Seðlabanki Íslands

<i>Gjöld</i>	Krónur
Vextir af innstæðum . . . . .	1 751 621 190
Vextir af eigin sjóðum . . . . .	91 000 000
Vextir af skuldum erlendis . . . . .	251 214 991
Kostnaður við seðla og mynt . . . . .	44 445 064
Rekstrarkostnaður . . . . .	184 730 041
Afskrifað af bankabyggingum . . . . .	15 000 000
Þátttaka í kostnaði Framkvæmdastofnunar og Þjóðhagsstofnunar . . . . .	19 760 007
Framlag til Eftirlaunasjóðs starfsmanna . . . . .	5 000 000
Gjald til ríkissjóðs af gjaldeyrisviðskiptum . . . . .	30 970 109
Landsútsvar og opinber gjöld . . . . .	6 950 622
Arður af stofnfé . . . . .	27 000 000
Hagnaður til ráðstöfunar . . . . .	51 060 238
	<hr/>
	Kr. 2 478 752 262

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Egill Símonarson,*  
*endurskoðandi,*  
*kjörinn af bankaráði.*

---

*Gunnlaugur Arnórsson,*  
*aðalendurskoðandi.*

## Rekstrarreikningur árið 1974

<i>Tekjur</i>	Krónur
Vextir af endurkeyptum víxlum . . . . .	459 689 226
Vextir af öðrum innlendum lánum . . . . .	1 413 732 459
Vextir af erlendum innstæðum og verðbréfum. . . . .	551 314 753
Tekjur af sölu gjaldeyris . . . . .	39 594 001
Umboðslaun af erlendum yfirfærslum . . . . .	12 023 586
Ýmsar tekjur . . . . .	2 398 237
	<hr/>
	Kr. 2 478 752 262

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

*Ragnar Ólafsson,*  
*formaður.*

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs  
úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 9. maí 1975

*Ólafur Jóhannesson,*  
*viðskiptaráðherra.*

## Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs

<i>Eignir</i>	Krónur
Verðbréf . . . . . kr. 578.103.959	
÷ Mótreikningur vegna togaralána . . . . . — 2.775.047	575 328 912
<hr/>	
Kröfur vegna vanskila á ábyrgðalánnum . . . . .	368 503 731
Kröfur v/vanskila á lánum ríkissjóðs. . . . .	103 779 362
Ríkissjóður vegna togara. . . . .	159 220 459
Ríkissjóður, viðskiptareikningur. . . . .	16 765 969
Ýmsir viðskiptamenn . . . . .	266 701 972
Skuldabréf ríkissjóðs til innheimtu. . . . .	15 967 742 241
Bankainnstæður:	
Inneign í Seðlabanka Íslands . . . . . kr. 21.786.329	
Inneign í Landsbanka Íslands . . . . . — 123.419	21 909 748
<hr/>	
	17 479 952 394
<hr/>	

Reykjavík, 10. marz 1975

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordal*

*Davíð Ólafsson*

*Guðmundur Hjartarson*

---

*Harald S. Andrésson*

## 31. desember 1974

<i>Skuldir</i>	Krónur
Ýmsir viðskiptamenn . . . . .	42 515 455
Skuldabréf ríkissjóðs til innheimtu. . . . .	15 967 742 241
Höfuðstóll:	
Höfuðstóll 01.01. 1974 . . . . .	kr. 1.297.013.883
Framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1973 . . . . .	kr. 65.000.000
Viðbótarframlag . . . . .	— 20.000.000
Mismunur rekstrarreiknings . . . . .	— 95.372.728 kr. 180.372.728
	kr. 1.477.386.611
Leiðrétt oftalin ábyrgðagjöld fyrri ára . . . . .	kr. 2.067.415
Leiðréttir oftaldir vextir fyrri ára . . . . .	— 46.883
Afskrifaðar tapaðar kröfur . . . . .	— 5.577.615 kr. 7.691.913
	1 469 694 698
	17 479 952 394

Framanritaðan efnahagsreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Egill Símonarson,*  
*endurskoðandi,*  
*kjörinn af bankaráði.*

*Gunnlaugur Arnórsson,*  
*aðalendurskoðandi*



## TÖFLUR

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.

Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs						Verðhækkanir f. f. ári í %							
	1970		1971		1972		1971		1972		1973		1974	
					Bráðab.- tölur	Áætlun								
					1973	1974								
1. Einkaneyzla . . . . .	28.014	34.055	42.780	57.424	87.660	8,0	14,0	26,0	42,0					
2. Samneyzla . . . . .	4.050	5.385	7.000	9.200	14.430	25,0	22,6	24,0	48,0					
3. Fjármunamyndun . . . . .	10.511	16.050	19.100	28.610	43.230	7,5	20,2	24,7	41,6					
4. Birgðabreytingar <sup>2)</sup> . . . . .	-393	1.580	-840	-189	3.250	...	...	...	...					
5. Innlend verðmætaráðstöfun (1 + 2 + 3 + 4) . . . . .	42.182	57.070	68.040	95.045	148.570	9,3	17,2	25,5	41,8					
6. Útflutningur vöru og þjónustu . . . . .	21.138	22.373	26.205	37.410	48.080	10,0	7,0	29,8	28,1					
7. Innflutningur vöru og þjónustu . . . . .	20.487	26.233	27.960	40.025	63.610	4,8	5,3	19,8	40,1					
8. Viðskiptajöfnuður (6 - 7) . . . . .	651	-3.860	-1.755	-2.615	-15.530	...	...	...	...					
9. Verg þjóðarframl. (5 + 8) . . . . .	42.833	53.210	66.285	92.430	133.040	12,8	18,0	31,7	39,5					
					Bráðab.- tölur	Áætlun								
					1973	1974								
1. Einkaneyzla . . . . .	24.510	27.600	30.415	32.390	34.820	12,6	10,2	6,5	7,5					
2. Samneyzla . . . . .	3.449	3.670	3.890	4.123	4.370	6,4	6,0	6,0	6,0					
3. Fjármunamyndun . . . . .	9.272	13.171	13.043	15.670	16.720	42,1	-1,0	20,1	6,7					
4. Birgðabreytingar <sup>2)</sup> . . . . .	-255	1.351	-787	-350	1.220	...	...	...	...					
5. Innlend verðmætaráðstöfun (1 + 2 + 3 + 4) . . . . .	36.976	45.792	46.561	51.833	57.130	23,8	1,7	11,3	10,2					
6. Útflutningur vöru og þjónustu . . . . .	19.095	18.366	20.102	22.114	22.184	-3,8	9,5	10,0	0,3					
7. Innflutningur vöru og þjónustu . . . . .	19.932	24.356	24.638	29.449	33.398	22,2	1,2	19,5	13,4					
8. Viðskiptajöfnuður (6 - 7) . . . . .	-837	-5.990	-4.536	-7.335	-11.214	...	...	...	...					
9. Verg þjóðarframleiðsla (5 + 8) . . . . .	36.139	39.802	42.025	44.498	45.916	10,1	5,6	5,9	3,2					
10. Áhrif viðskiptakjara . . . . .	1.469	2.733	2.805	4.770	3.549	...	...	...	...					
11. Vergar þjóðartekjur . . . . .	37.608	42.535	44.830	49.268	49.465	13,1	5,4	9,9	0,4					

Framlag einstakra eftirspurnarþátta til breytingar á heildarverðmætaráðstöfum.<sup>3)</sup>

	1971		1972		1973		1974	
	M. kr.	%	M. kr.	%	M. kr.	%	M. kr.	%
1. Einkaneyzla . . . . .	3.090	38,2	2.815	112,4	1.975	27,1	2.430	45,2
2. Samneyzla . . . . .	221	2,7	220	8,8	233	3,2	247	4,6
3. Fjármunamyndun . . . . .	3.899	48,2	-128	-5,1	2.627	36,0	1.050	19,6
4. Birgðabreytingar . . . . .	1.606	19,9	-2.138	-85,4	437	6,0	1.570	29,3
5. Innlend verðmætaráðstöfun (1 + 2 + 3 + 4) . . . . .	8.816	109,0	769	30,7	5.272	72,3	5.297	98,7
6. Útflutningur vöru og þjónustu . . . . .	-729	-9,0	1.736	69,3	2.012	27,6	70	1,3
7. Heildaráðstöfun verðmæta (5 + 6 = 8 + 9) . . . . .	8.087	100,0	2.505	100,0	7.284	100,0	5.367	100,0
7a. Raunvöxtur í heildaráðstöfun verðmæta . . . . .		(14,4)		(3,9)		(9,3)		(7,3)
8. Innflutningur vöru og þjónustu . . . . .	4.424	54,7	282	11,3	4.811	66,1	3.949	73,6
9. Verg þjóðarframleiðsla . . . . .	3.663	45,3	2.223	88,7	2.473	33,9	1.418	26,4
10. Áhrif viðskiptakjara . . . . .	1.264	..	72	..	1.965	..	-1.221	..
11. Vergar þjóðartekjur (9 + 10) . . . . .	4.927	..	2.295	..	4.438	..	197	..

1) Árið 1969 hefur nú verið tekið upp sem grunnár við útreikninga þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar í stað ársins 1960. Getur oft verið nokkur munur á hlutfallslegum breytingum þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar, eftir því við hvort árið er miðað. 2) Nær til útflutningsvara og bústofns eingöngu. 3) Miðað við verðlag ársins 1969.



2. tafla. Fjármunamyndunin.

Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs				Á verðlagi ársins 1969			
	1971	1972	1973	Bráðab.- tölur 1974	1971	1972	1973	Bráðab.- tölur 1974
Fjármunamyndun, alls . . . . .	16.050	19.100	28.610	43.230	13.171	13.043	15.670	16.720
Þar af:								
Innflutn. skipa og flugvéla . . . . .	2.252	1.120	3.910	5.980	2.047	971	2.680	3.170
Þjósárvirkjanir . . . . .	890	760	490	1.680	750	519	275	680
Alverksmiðja . . . . .	710	830	240	170	628	616	140	70
Önnur fjármunamyndun . . . . .	12.198	16.390	23.970	35.400	9.746	10.937	12.575	12.800
Atvinnuvegir . . . . .	8.350	8.910	13.140	20.520	7.219	6.578	7.920	9.105
Landbúnaður . . . . .	960	1.300	1.860	2.830	770	927	1.025	1.110
Fiskveiðar . . . . .	790	1.880	4.640	4.900	634	1.398	2.975	2.400
Vinnsla sjávarafurða . . . . .	530	800	1.265	2.000	438	543	680	750
Iðnaður (annar en 113) . . . . .	1.850	2.370	1.805	2.590	1.578	1.723	1.040	1.090
Flutningatæki . . . . .	2.750	1.010	1.380	3.650	2.552	872	940	1.880
Verzlun, skrifstofur, veitingar o. fl. . . . .	690	930	1.250	2.630	529	580	610	840
Ýmsar vélar og tæki . . . . .	780	620	940	1.920	718	535	650	1.035
Íbúðarhús . . . . .	2.700	4.120	7.740	9.850	2.057	2.569	3.775	3.160
Innfl. hús fyrir Viðlagasjóð . . . . .			(2.000)	(170)			(975)	(55)
Þar af:								
Byggingar og mannvirki hins opinbera . . . . .	5.000	6.070	7.730	12.860	3.895	3.896	3.975	4.455
Rafvirkjanir og rafveitur . . . . .	1.510	1.680	1.800	3.700	1.215	1.095	920	1.340
Hita- og vatnsveitur . . . . .	350	540	650	1.150	259	331	320	370
Samgöngumannvirki . . . . .	1.880	2.350	3.480	5.160	1.463	1.535	1.855	1.830
Byggingar hins opinbera . . . . .	1.260	1.500	1.800	2.850	958	935	880	915
Birgðabreytingar . . . . .	1.580	-840	-189	3.250	-	-	-	-
Fjármunamyndun, <sup>1)</sup> % af vergri þjóðarframl. (=4 + 5) . . . . .	33,1	27,6	30,7	34,9	-	-	-	-
Fjármögnun af innlendum sparnaði, % af vergri þjóðarframl. = 4	25,9	24,9	27,9	23,3	-	-	-	-
Fjármögnun af erl. uppruna, % af vergri þjóðarframl. = 5	7,2	2,7	2,8	11,6	-	-	-	-

1) Birgðabreytingar taldar með.

3. tafla. Verðlag og kaupgjald.

Visitölur, ársmeðaltöl 1969 = 100:	Framfærslu- kostnaður	Neyzluvöru- verðlag	Byggingar- kostnaður	Timakaup <sup>1)</sup>
1970 . . . . .	113	114	117	123
1971 . . . . .	120	123	130	142
1972 . . . . .	133	140	155	183
1973 . . . . .	163	175	192	225
1974 . . . . .	232	249	282	332
Visitölur 1974, eftir mánuðum:				
Febrúar . . . . .	188	203	-	-
Marz . . . . .	-	-	243	286
Maí . . . . .	225	242	-	-
Júní . . . . .	-	-	-	337
Júlí . . . . .	-	-	315	-
Ágúst . . . . .	231	243	-	-
September . . . . .	-	-	-	337
Nóvember . . . . .	266	286	355	-
Desember . . . . .	-	-	-	368

1) Á við samvegið meðaltal af verkafólki og iðnaðarmönnum. Visitölur fyrir 1974 sýna meðaltöl ársfjórðunga.

4. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1970—1974.

Í millj. kr.	1970	1971	1972	1973	Bráðab.- tölur 1974
Vöruskiptajöfnuður . . . . .	391	-4.340	-2.075	-3.160	-14.700
Innfluttar vörur alls, f.o.b. . . . .	-12.459	-17.518	-18.775	-29.180	-47.580
Sérstakar fjárfestingarvörur . . . . .	-10.972	-2.994	-1.820	-4.830	-6.580
Skip og flugvélar . . . . .	-856	-2.250	-1.130	-3.910	-5.980
Vegna Þjósárvirkjana . . . . .	-104	-282	-130	-42	-560
Vegna álbræðslu . . . . .	-112	-462	-560	-68	-40
Hús Viðlagasjóðs . . . . .	-	-	-	-810	-
Rekstrarvörur vegna álbræðslu . . . . .	-822	-914	-990	-2.150	-3.220
Almennur innflutningur . . . . .	-10.565	-13.610	-15.965	-22.200	-37.780
(Þar af olía) . . . . .	(-1.008)	(-1.254)	(-1.292)	(-2.030)	(-5.710)
Útflutningur alls, f.o.b. . . . .	12.850	13.178	16.700	26.020	32.880
(Þar af ál) . . . . .	(1.708)	(888)	(2.716)	(4.441)	(4.790)
Þjónustujöfnuður . . . . .	260	480	320	525	-830
Innflutt þjónusta, alls . . . . .	-7.875	-8.715	-9.185	-10.845	-16.030
Útflutt þjónusta, alls . . . . .	8.135	9.195	9.505	11.370	15.200
Útgjöld af ferða- og dvalarkostnaði . . . . .	-582	-795	-1.050	-1.515	-2.260
Tekjur af erlendum ferðamönnum . . . . .	441	555	720	1.146	1.620
Útgjöld vegna samgangna . . . . .	-4.023	-4.650	-4.235	-4.500	-7.300
Tekjur af samgöngum . . . . .	4.379	4.950	4.790	5.200	7.100
Vaxtagjöld . . . . .	-795	-820	-1.150	-1.580	-2.400
Vaxtatekjur . . . . .	310	325	300	448	590
Útgjöld vegna trygginga . . . . .	-1.270	-1.400	-1.450	-1.500	-1.650
Tekjur af tryggingum . . . . .	1.115	1.200	1.280	1.250	1.350
Tekjur af varnarliði, nettó . . . . .	1.125	1.295	1.435	1.836	2.205
Ýmis útgjöld . . . . .	-1.205	-1.050	-1.300	-1.750	-2.420
(Þar af vegna álbræðslu) . . . . .	(-745)	(-500)	(-706)	(-925)	(-1.090)
Ýmsar tekjur . . . . .	765	870	980	1.490	2.335
Viðskiptajöfnuður . . . . .	651	-3.860	-1.755	-2.635	-15.530
Framlög án endurgjalds, nettó . . . . .	-35	-10	20	1.450	60
Fjármagnsjöfnuður . . . . .	273	5.207	2.320	2.340	9.870
Til útlanda, alls . . . . .	-1.646	-1.446	-3.176	-3.775	-4.405
Frá útlöndum, alls . . . . .	1.919	6.653	5.496	6.115	14.275
Erlent einkafjármagn til fjárfestingar . . . . .	395	718	820	195	170
Erlent einkafjármagn (rekstrarfé) . . . . .	-	1.008	-580	-415	1.145
Afborganir af lánum einkaaðila . . . . .	-877	-814	-961	-965	-1.400
Innkomin lán einkaaðila . . . . .	534	2.204	752	1.265	4.070
Stuttar fjármagnshreyfingar einkaaðila, nettó . . . . .	330	175	-480	-1.400	-945
Afborganir af opinberum lánum . . . . .	-518	-432	-775	-605	-1.230
Innkomin opinber lán . . . . .	391	1.529	2.867	2.610	5.740
Stuttar opinberar hreyfingar, nettó . . . . .	-	158	-150	-10	-80
Afborganir af lánum lánastofnana . . . . .	-251	-200	-230	-380	-750
Innkomin lán lánastofnana . . . . .	-	649	1.057	1.745	2.570
Framlag Norðurlanda til Iðnþróunarsjóðs . . . . .	269	212	-	300	580
Sérstök dráttarréttindi við IMF . . . . .	222	217	215	-	-
Skekkjur og vantalið, nettó . . . . .	89	-61	-133	-155	..
Heildargreiðslujöfnuður . . . . .	1.200	1.493	667	1.000	-5.600
Gjaldeyrstengdir liðir . . . . .	-23	186	-545	-375	-670
Skuldir Seðlabanka í frjálsum gjaldeyri . . . . .	252	387	-574	390	-1.680
Vöruskiptareikningar . . . . .	31	-108	126	-820	80
Viðskiptabankar, nettó . . . . .	-306	-93	-97	55	930
Gjaldeyrisforði Seðlabankans . . . . .	1.223	1.307	1.212	1.375	-4.930
Umreikningsgengi miðað við bandaríska dollar	87,90	87,61	87,12	89,67	99,84

5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsyfirlit 1973—1974.

Í millj. kr.	1973				1974			
	I.	II.	III.	IV.	I.	II.	III.	IV.
Vöruskiptajöfnuður . . . . .	-720	789	-1.152	-2.077	-2.805	-2.435	-4.415	-5.045
Innfluttar vörur alls, f.o.b. . . . .	-5.912	-7.478	-7.162	-8.628	-8.730	-11.900	-12.765	-14.185
Sérstakar fjárfestingarvörur . . . . .	-1.083	-1.284	-1.080	-1.383	-1.125	-2.225	-1.745	-1.485
Skip og flugvélar . . . . .	-1.064	-1.233	-379	-1.234	-1.000	-2.150	-1.510	-1.320
Vegna Þjósárvirkjana . . . . .	-14	-23	-3	-2	-125	-75	-225	-135
Vegna álbræðslu . . . . .	-5	-28	-18	-17	-	-	-10	-30
Hús Viðlagasjóðs. . . . .	-	-	-680	-130	-	-	-	-
Rekstrarvörur vegna álbræðslu . . . . .	-509	-484	-262	-895	-705	-475	-1.040	-1.000
Almennur innflutningur . . . . .	-4.320	-5.710	-5.820	-6.350	-6.900	-9.200	-9.980	-11.700
(Þar af olía) . . . . .	(-518)	(-418)	(-424)	(-670)	(-705)	(-1.449)	(-1.256)	(-2.300)
Útflutningur alls, f.o.b. . . . .	5.192	8.267	6.010	6.551	5.925	9.465	8.350	9.140
(Þar af ál) . . . . .	(1.264)	(1.175)	(908)	(1.094)	(1.276)	(1.214)	(1.397)	(903)
Þjónustujöfnuður . . . . .	-255	155	500	125	-160	-640	395	-425
Innflutt þjónusta, alls . . . . .	-2.180	-2.425	-3.730	-2.510	-2.135	-3.710	-5.265	-4.920
Útflutt þjónusta, alls . . . . .	1.925	2.580	4.230	2.635	1.975	3.070	5.660	4.495
Útgj. af ferða- og dvalarkostn. . . . .	-225	-370	-595	-325	-310	-555	-915	-480
Tekjur af erl. ferðamönnum . . . . .	155	270	605	116	130	250	750	490
Útgj. vegna samgangna . . . . .	-720	-960	-1.990	-830	-640	-1.760	-2.780	-2.120
Tekjur af samgöngum . . . . .	540	1.110	2.350	1.200	560	1.460	2.880	2.200
Vaxtagjöld . . . . .	-460	-325	-255	-540	-400	-465	-450	-1.085
Vaxtatekjur . . . . .	105	100	120	123	170	120	180	120
Útgj. vegna trygginga . . . . .	-380	-370	-380	-370	-360	-380	-440	-470
Tekjur af tryggingum . . . . .	340	340	320	250	320	350	330	350
Tekjur af varnarliði, nettó . . . . .	345	470	515	506	345	400	935	525
Ýmis útgjöld . . . . .	-395	-400	-510	-445	-425	-550	-680	-765
(Þar af vegna álbræðslu) . . . . .	(-225)	(-220)	(-295)	(-185)	(-225)	(-235)	(-300)	(-330)
Ýmsar tekjur . . . . .	440	290	320	440	450	490	585	810
Viðskiptajöfnuður . . . . .	-975	944	-652	-1.952	-2.965	-3.075	-4.020	-5.470
Framlög án endurgjalds, nettó . . . . .	115	430	725	180	-10	10	40	20
Fjármagnsjöfnuður . . . . .	30	140	216	1.954	675	1.565	880	6.750
Til útlönda, alls . . . . .	-1.100	-940	-887	-1.336	-1.020	-1.640	-2.385	-1.240
Frá útlöndum, alls . . . . .	1.130	1.080	1.103	3.290	1.695	3.205	3.265	7.990
Erl. einkafjárm. til fjárf. . . . .	30	55	125	-15	45	25	35	65
Erl. einkafjárm. (rekstrarfj.) . . . . .	-285	-205	-160	235	-25	-215	430	955
Afb. af lánum einkaaðila . . . . .	-180	-295	-220	-270	-235	-310	-365	-490
Innkomin lán einkaaðila . . . . .	105	60	480	620	450	1.830	1.420	370
Stuttar fjárm.hreyf. einkaaðila . . . . .	-450	-80	-352	-518	-370	-225	-1.660	1.310
Afb. af opinberum lánum . . . . .	-105	-255	-60	-185	-275	-360	-105	-490
Innkomin opinber lán. . . . .	290	190	130	2.000	140	1.100	615	3.885
Stuttar opinb. hreyf., nettó . . . . .	200	25	13	-248	280	-340	-70	50
Afb. af lánum lánastofnana . . . . .	-80	-105	-95	-100	-115	-190	-185	-260
Innkomin lán lánastofnana . . . . .	410	750	270	315	775	250	660	885
Framl. til Iðnþr.sjóðs . . . . .	95	-	85	120	5	-	105	470
Sérstök dráttarréttindi við IMF . . . . .	-	-	-	-	-	-	-	-
Skekkjur og vantalið, nettó. . . . .	-32	34	-25	-132	...	...	...	...
Heildargreiðslujöfnuður . . . . .	-862	1.548	264	50	-2.300	-1.500	-3.100	1.300
Gjaldeyrstengdir liðir . . . . .	30	273	-484	-194	-200	-1.010	100	440
Skuldir Seðlab. í frj.gjald . . . . .	400	203	121	-334	70	-240	-440	-1.070
Vöruskiptareikningar . . . . .	-170	-70	-250	-330	-170	-880	80	1.050
Viðskiptabankar, nettó . . . . .	-200	140	-355	470	-100	110	460	460
Gjaldeyrisforði Seðlabankans . . . . .	-892	1.275	748	244	-2.100	-490	-3.200	860
Umreikningsgengi miðað við bandarískan dollar . . . . .	97,02	92,17	86,25	83,60	86,15	90,87	104,03	117,63

6. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.<sup>1)</sup>

Seðlabankinn

Í millj. kr.	Frjáls gjaldeyrir og gull				Vöruskipta- reikningar, nettóeign (5)	Viðskipta- bankar, nettó- eign (6)	Heildar- gjaldeyris- staða bankanna (7)	Umreiknings- gengi miðað við bandar. dollar (8)
	Gjald- eyris- fordi <sup>2)</sup> (1)	Alþjóða- stofnanir, skuldir <sup>3)</sup> (2)	Aðrar skuldir (3)	Nettó- eign (4)				
Árslök 1961	1.028	-389	-41	598	-41	-30	527	42,95
- 1962	1.371	-	-31	1.340	34	-224	1.150	42,95
- 1963	1.483	-	-37	1.446	85	-220	1.311	42,95
- 1964	1.887	-	-11	1.876	-69	-214	1.593	42,95
- 1965	2.318	-	-3	2.315	-248	-155	1.912	42,95
- 1966	2.498	-	-82	2.416	-188	-313	1.915	42,95
- 1967	2.012	-214	-252	1.546	-30	-475	1.041	56,93
- 1968	2.512	-1.100	-125	1.287	-152	-833	302	87,90
- 1969	3.429	-991	-328	2.110	-108	-14	1.988	87,90
- 1970	4.727	-155	-912	3.660	-77	-320	3.263	87,90
- 1971	6.034	-	-680	5.354	-185	-413	4.756	87,12
- 1972	8.223	-	-1.405	6.818	-67	-571	6.180	97,60
1973:								
Janúar	7.781	-	-1.584	6.197	-106	-696	5.395	97,60
Febrúar	7.468	-	-1.347	6.121	-143	-826	5.152	96,50
Marz	7.299	-	-975	6.324	-233	-757	5.334	96,50
Apríl	7.666	-	-621	7.045	-265	-558	6.222	91,00
Mai	7.996	-	-614	7.382	-287	-585	6.510	91,00
Júní	8.212	-	-600	7.612	-275	-556	6.781	88,00
Júlí	9.243	-	-897	8.346	-459	-544	7.343	86,60
Ágúst	8.854	-	-579	8.275	-468	-714	7.093	86,60
September	8.406	-	-550	7.856	-503	-908	6.445	83,60
Október	9.567	-	-614	8.953	-547	-727	7.679	83,60
Nóvember	9.033	-	-847	8.186	-704	-893	6.589	83,60
Desember	8.406	-	-884	7.522	-833	-447	6.242	83,60
1974:								
Janúar	8.092	-	-694	7.398	-935	-674	5.789	87,00
Febrúar	7.045	-	-736	6.309	-763	-1.049	4.497	85,40
Marz	6.706	-	-844	5.862	-1.003	-562	4.297	86,50
Apríl	6.581	-	-763	5.818	-1.324	-756	3.738	88,30
Mai	6.238	-	-1.131	5.107	-1.715	-595	2.797	93,80
Júní	6.689	-	-1.165	5.524	-1.877	-495	3.152	94,60
Júlí	6.339	-	-1.300	5.039	-2.049	-334	2.656	96,20
Ágúst	5.052	-	-1.852	3.200	-1.762	-11	1.427	98,20
September	5.126	-	-1.940	3.186	-1.799	-94	1.293	118,30
Október	4.921	-	-1.978	2.943	-1.809	227	1.361	117,70
Nóvember	4.882	-	-2.146	2.736	-2.048	253	941	117,00
Desember	5.745	-2.249	-768	2.728	-1.179	365	1.914	118,30

1) Miðað er við skráð gengi á hverjum tíma. 2) Þ.e. gulleign, sérstök dráttarréttindi við IMF og gullframlag til IMF, að því leyti sem ekki hefur verið dregið á gullframlagið, verðbréf, vixlar og innstæður hjá erlendum bönkum. 3) Þ.e. IMF og EMA.

7. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun.  
(C.i.f.-verð í millj. kr.)

	Neyzluvörur	Rekstrarvörur	Fjárfestingarvörur	Samtals	Umreikningsgengi miðað við bandar. dollar
1965	2.279	1.335	2.288	5.902	43,00
1966	2.747	1.382	2.724	6.853	43,00
1967	2.685	1.371	3.000	7.056	43,00
1968	2.955	1.858	3.072	7.885	57,00
1969	4.084	3.046	3.726	10.856	88,00
1970	5.017	4.499	4.337	13.853	88,00
1971	6.305	5.525	7.532	19.362	88,00
1972	7.486	5.873	7.067	20.426	88,00
1973	10.249	8.998	12.627	31.874	90,02
1974	15.987	17.444	19.148	52.579	100,24

8. tafla. Útflutningur. Skipting á helztu vöruflokka.<sup>1)</sup>  
(F.o.b.-verð í millj. kr.)

	Sjávarvörur	Landbúnaðarvörur	Iðnaðarvörur	(Þar af ál)	Aðrar vörur	Samtals
1965	5.260	209	45	(-)	49	5.563
1966	5.595	249	61	(-)	137	6.042
1967	3.789	254	68	(-)	99	4.210
1968	4.118	406	71	(-)	93	4.688
1969	7.736	591	850	(591)	289	9.466
1970	10.111	423	2.228	(1.708)	153	12.915
1971	11.056	400	1.600	(888)	119	13.175
1972	12.320	515	3.651	(2.716)	211	16.697
1973	19.190	765	5.785	(4.441)	299	26.039
1974	24.592	945	6.534	(4.789)	806	32.877

1) Umreikningsgengi: Sjá 7. töflu.

9. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við.<sup>1)</sup>  
(Í millj. kr.)

	Föst lán	Stutt vöru-kaupalán	Ógreiddur útflutn.	Gjald-eyrisstaða	Nettóstaða við útlönd
1965	-3.729	-554	635	1.912	-1.736
1966	-4.520	-673	800	1.915	-2.478
1967	-6.576	-743	695	1.041	-5.583
1968	-11.467	-1.102	1.763	302	-10.504
1969	-11.726	-1.270	1.110	1.988	-9.898
1970	-11.095	-1.719	763	3.263	-8.788
1971	-14.445	-1.888	700	4.756	-10.877
1972	-17.246	-2.240	1.182	6.180	-12.124
1973	-20.929	-3.183	2.030	6.242	-15.840
1974	-41.442	-5.904	3.040	1.914	-42.392

1) Umreikningsgengi: Sjá 6. töflu.

10. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum.<sup>1)</sup>

Í millj. kr.	Innflutningur (c.i.f.)				Útflutningur (f.o.b.)			
	1971	1972	1973	1974	1971	1972	1973	1974
Alls . . . . .	19.362	20.420	31.856	52.570	13.175	16.698	26.039	32.877
EFTA . . . . .	2.988	3.914	7.257	10.623	1.929	2.847	4.168	7.469
Austurríki . . . . .	82	100	150	304	53	158	211	65
Finnland . . . . .	415	474	927	1.449	228	334	482	387
Noregur . . . . .	926	1.249	3.274	4.437	206	207	401	1.064
Portúgal . . . . .	114	120	115	216	788	895	1.208	3.389
Sviss . . . . .	354	493	359	524	101	773	1.237	1.880
Svíþjóð . . . . .	1.097	1.478	2.432	3.693	553	480	629	684
EBE . . . . .	9.621	10.737	13.912	23.561	4.133	5.405	10.014	9.459
Belgía . . . . .	334	550	839	1.083	50	139	482	296
Bretland . . . . .	2.611	3.025	3.448	5.716	1.725	1.824	2.751	2.805
Danmörk . . . . .	1.873	2.096	2.842	4.966	850	888	2.012	1.903
Frakkland . . . . .	427	506	508	1.094	73	188	208	304
Holland . . . . .	1.110	1.240	2.122	3.526	112	129	500	288
Írland . . . . .	20	15	19	29	14	4	30	4
Ítalía . . . . .	314	373	496	754	537	774	951	973
Luxemburg . . . . .	10	4	9	40	0	0	2	1
Vestur-Þýzkaland . . . . .	2.922	2.928	3.629	6.353	772	1.459	3.079	2.885
Austur-Evrópa . . . . .	1.854	2.114	2.840	7.054	1.433	1.921	2.188	4.141
Austur-Þýzkaland . . . . .	71	68	68	129	43	89	23	309
Búlgaría . . . . .	2	5	10	13	0	1	2	12
Pólland . . . . .	205	582	403	1.373	216	379	995	1.094
Rúmenía . . . . .	6	4	6	8	-	4	6	6
Rússland . . . . .	1.309	1.180	2.037	5.000	1.075	1.219	932	2.501
Tékkóslóvakía . . . . .	253	260	299	515	26	187	155	179
Ungverjaland . . . . .	8	15	17	16	73	42	75	40
Önnur Evrópulönd . . . . .	102	82	1.048	1.375	518	716	1.420	2.324
Færeyjar . . . . .	0	8	354	30	105	82	137	231
Grikkland . . . . .	2	2	2	3	144	134	240	424
Júgóslavía . . . . .	4	4	6	34	7	21	43	185
Spánn . . . . .	94	65	679	1.296	266	380	732	1.480
Tyrkland . . . . .	2	3	7	12	2	99	268	4
Norður-Ameríka . . . . .	2.908	1.693	2.445	4.418	4.842	5.137	6.942	7.307
Bandaríkin . . . . .	2.838	1.632	2.723	4.169	4.830	5.116	6.918	7.264
Kanada . . . . .	70	61	73	249	12	21	24	43
Ástralía . . . . .	18	16	1.157	2.768	12	29	16	14
Brasilía . . . . .	189	192	283	308	149	178	204	199
Ísrael . . . . .	30	32	33	44	6	21	2	1
Japan . . . . .	716	795	2.241	1.397	62	136	742	1.369
Kína . . . . .	21	20	25	49	-	97	128	15
Nígíría . . . . .	1	2	3	4	1	96	8	58
Panama . . . . .	15	19	21	24	27	20	32	83
Önnur lönd . . . . .	899	804	591	945	57	95	175	438

1) Umreikningsengi: Miðað við stofngengi 88,00 kr. í hverjum bandarískum dollar, nema 1973 og 1974, þar sem miðað er við skráð gengi á hverjum tíma.

11. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkisins.

Í millj. kr.	Úr ríkisreikningi – rekstrargrunnur					
	1968	1969	1970	1971	1972	1973
Tekjur alls . . . . .	6.741	7.455	9.800	13.258	18.530	24.876
Gjöld alls . . . . .	6.907	7.590	9.351	13.534	18.395	25.129
Tekjuhalli (-)/afgangur . . . . .	-166	-135	449	-276	135	-253
Lánveitingar, nettó . . . . .	-56	-151	-13	-162	-8	-12
Fjármagnspörf(-)/afgangur . . . . .	-222	-286	436	-438	127	-265
<i>Fjármögnun:</i>						
Lántökur, nettó . . . . .	224	207	213	430	622	693
Lausaskuldir, nettó . . . . .	-303	-459	-160	-134	-632	-729
Greiðsluafgangur/halli(-) . . . . .	-301	-538	489	-142	117	-301
Staðan gagnvart Seðlabankanum . . . . .	-267	-511	431	-208	58	-364
Viðskiptareikningar . . . . .	-273	148	303	-485	991	-679
Véklar (aukning -) . . . . .	-	-	-	-	-	-
Skuldabréf (aukning -) . . . . .	6	-659	128	277	-933	315
Bankainnstæður og sjóður . . . . .	-34	-27	58	66	59	63

12. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum.

Í millj. kr.	Úr ríkisreikningi – rekstrargrunnur						Úr fjárlögum	
	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
Beinir skattar . . . . .	1.332	1.515	1.727	2.457	4.939	6.438	8.057	8.845
Tekju- og eignarskattar . . . . .	772	641	1.048	1.473	4.317	5.709	7.190	7.392
Persónuskattar . . . . .	553	863	668	968	605	729	867	1.453
Aðrir beinir skattar . . . . .	7	11	11	16	17	-	-	-
Óbeinir skattar . . . . .	5.326	5.819	7.834	10.631	13.378	18.146	20.877	38.357
Skattar af framleiðslu, neyzlu og innlendum viðskiptum . . . . .	2.098	2.356	3.681	4.796	6.152	8.148	9.905	21.427
Skattar af framleiðslu . . . . .	99	105	152	171	192	226	226	490
Söluskattur . . . . .	1.303	1.501	2.654	3.517	4.300	5.716	6.702	16.790
Rekstrarhagnaður Á.T.V.R. . . . .	696	750	875	1.108	1.660	2.206	2.977	4.147
Gjöld af verzlun og viðsk. við útlönd . . . . .	2.566	2.927	3.451	4.704	5.723	8.024	8.818	12.722
Aðflutningsgjöld, almenn . . . . .	1.974	2.351	2.877	3.817	4.530	6.365	7.065	9.815
Bifreiðaskattur . . . . .	263	201	150	259	474	684	713	1.069
Innflutningsgjald af benzíni og gúmmígjald . . . . .	329	375	424	628	719	975	1.040	1.838
Aðrir óbeinir skattar . . . . .	662	536	702	1.131	1.503	1.974	2.154	4.208
Stimpilgjald . . . . .	156	190	223	289	308	428	507	713
Skattar af bankaviðskiptum . . . . .	254	44	86	98	137	193	184	411
Launaskattur . . . . .	143	160	225	554	834	1.092	1.200	2.400
Annað . . . . .	109	142	168	190	224	261	263	684
Aðrar tekjur . . . . .	83	121	239	170	213	292	246	424
Arðgr. frá fyrirtækjum og sjóðum . . . . .	23	52	63	63	87	73	104	127
Ýmsar tekjur . . . . .	60	69	176	107	126	219	142	297
Tekjur alls . . . . .	6.741	7.455	9.800	13.258	18.530	24.876	29.180	47.626

13. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum.

Í millj. kr.	Úr ríkisreikningi – rekstrargrunnur						Úr fjárlögum	
	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
Almenn mál . . . . .	799	875	1.193	1.490	2.174	2.977	3.191	4.689
Almenn stjórn og löggæzla . . . . .	656	697	931	1.156	1.809	2.513	2.654	3.819
Utanríkisþjónusta . . . . .	86	112	178	191	185	237	264	438
Styrktarfé og eftirlaun . . . . .	57	66	84	143	180	227	273	432
Félagsmál . . . . .	3.379	4.051	5.009	7.005	10.062	13.972	17.419	26.425
Mennta-, menningar- og kirkjumál . . . . .	1.060	1.315	1.704	2.425	3.124	4.278	5.547	7.938
Heilbrigðismál . . . . .	345	241	259	496	411	558	750	1.352
Velferðarmál . . . . .	1.974	2.495	3.046	4.084	6.527	9.136	11.122	17.135
Atvinnumál . . . . .	2.495	2.450	2.902	4.792	5.601	7.422	7.827	14.164
Niðurgreiðslur . . . . .	551	487	571	1.640	1.681	2.142	1.498	3.758
Landbúnaður . . . . .	531	658	660	823	821	1.192	1.253	2.179
Sjávarútvegur . . . . .	536	156	208	275	321	647	729	1.110
Iðnaður . . . . .	23	33	49	67	85	220	241	426
Orkuvinnsla . . . . .	88	115	192	194	350	244	381	981
Samgöngur . . . . .	766	1.001	1.222	1.793	2.343	2.977	3.725	5.710
Ýmis mál . . . . .	234	214	247	247	558	758	965	1.948
Ríkisábyrgðasjóður . . . . .	158	98	99	61	103	82	75	100
Önnur útgjöld . . . . .	76	116	148	186	455	676	890	1.848
Gjöld alls . . . . .	6.907	7.590	9.351	13.534	18.395	25.129	29.402	47.226

14. tafla. Seðlar og mynt.

Í millj. kr.	1973			1974		
	Seðlar og mynt í mánaðarlok	Meðaltal hvers mánaðar	Seðlar og mynt að frádr. seðlasj. banka og sparisjóða	Seðlar og mynt í mánaðarlok	Meðaltal hvers mánaðar	Seðlar og mynt að frádr. seðlasj. banka og sparisjóða
Janúar	2.228	2.332	1.899	2.875	3.015	2.448
Febrúar	2.241	2.328	1.866	2.964	3.005	2.497
Marz	2.468	2.312	2.155	3.170	3.143	2.686
Apríl	2.560	2.572	2.180	3.258	3.363	2.682
Maí	2.607	2.530	2.186	3.668	3.495	3.127
Júní	2.804	2.749	2.377	3.817	3.924	3.252
Júlí	2.828	2.879	2.344	3.789	3.962	3.124
Ágúst	2.768	2.813	2.350	3.727	3.950	3.002
Septembar	2.842	2.864	2.428	3.684	3.790	3.027
Október	2.780	2.878	2.344	3.591	3.745	3.027
Nóvember	2.930	2.905	2.542	3.821	3.860	3.215
Desember	2.871	3.184	2.627 <sup>1)</sup>	3.678	4.217	3.360

1) Bráðabirgðatölur.



15. tafla. Skipting seðlamagnsins á seðlastærðir í árslok.

Seðlastærð	1971		1972		1973		1974	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
5000 kr.	719,9	42,2	1.188,0	55,3	1.698,8	62,9	2.434,8	69,7
1000 —	727,6	42,7	691,4	32,2	709,0	26,2	716,9	20,5
500 —	84,3	4,9	89,7	4,2	101,9	3,8	116,8	3,4
100 —	153,0	9,0	164,5	7,6	183,5	6,8	216,2	6,2
50 —	1,0	0,1	—	—	—	—	—	—
25 —	9,0	0,5	8,0	0,4	7,9	0,3	7,8	0,2
10 —	6,9	0,4	4,4	0,2	—	—	—	—
5 —	3,8	0,2	2,7	0,1	—	—	—	—
Samtals	1.705,5	100,0	2.148,7	100,0	2.701,1	100,0	3.492,5	100,0

16. tafla. Skipting myntar eftir myntstærð í árslok.1)

Myntstærð	1971		1972		1973		1974	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
50 kr.	38,1	37,8	45,5	37,0	56,0	36,2	70,8	36,2
10 —	37,3	37,0	44,9	36,5	57,6	37,2	72,3	36,9
5 —	14,0	13,9	16,9	13,8	20,6	13,3	25,9	13,2
1 —	6,1	6,0	9,2	7,5	11,9	7,7	16,7	8,5
50 aurar	2,2	2,1	2,7	2,2	3,3	2,1	4,0	2,0
10 —	1,6	1,6	2,3	1,9	2,5	1,6	3,1	1,6
Önnur mynt	1,6	1,6	1,4	1,1	2,9	1,9	3,1	1,6
Samtals	100,9	100,0	122,9	100,0	154,8	100,0	195,6	100,0

17. tafla. Reikningar

Í millj. kr.	Árslok					
	1968	1969	1970	1971	1972	1973
<i>Eignir:</i>						
